

ÍSLENZK STEFNA

II. ÁRG.

MARZ 1952

I. TBL

Tilgangurinn með sköpun heimsins er að sigrast á möguleikunum til hins illa.

HELGI PJETURSS

★

... Svona erfiðlega hefur veitt að uppgötva heiminn. Og þó hefur mannum gengið ennþá miklu erfiðlegar að uppgötva sjálfan sig. Kólumbus hafði fundið Ameríku og Kópernikus áttað sig á skipulagi sólhverfis vors, áður en maðurinn lærði að skilja starf síns eigin hjarta (Servede og Harvey). Og enn leið langur tími áður en mennirnir fóru að skilja starf lungnanna og áttuðu sig á magnan þeirri hinni furðulegu, sem fylgir fjörgisnámi líkamans ...

... Er sú magnan merkileg næsta, og furðulegt að hugsa sér, hvornig þetta efni, sem er eins fagurlítt og fjallabláminn sýnir og himinheiðið, heldur við lífi voru. Og þó er til ennþá merkilegri magnan, sem nú fyrst er verið að átta sig á. Það er svefnmagnanin. Frá uppsprettu kraftarins er hin sofandi vera mögnuð til þess að geta haldið áfram að lifa. Í svefni fær maðurinn nýjan lífsþrótt. Aðeins nokkra sólarhringa getur maðurinn lifað, sé honum algerlega bannað að sofa. Krafturinn, sem magnar manninginn í svefni, er sá hinn sami sem tendraði hina fyrstu örsmáu neista lífsins á jörðu hér, þegar jarðefnin fyrir svo sem þúsund miljónum ára höfðu hafizt á það stig, að magnanin gat komið fram sem líf. Takið eftir, hversu fagurlega hið mikla samband kemur hér fram. Innsigli sannleikans er hér svo augljóst, að það mun engum dyljast sem af alvöru reynir til að sjá. Einn þáttur magnanar þeirrar sem verður í svefni, er vitmagnan, magnan af annarlegu vili. Meðvitund annars kemur fram í hinum sofandi heila. Æfður athugandi segir þetta hiklaust, eftir þúsundir af athugunum.

HELGI PJETURSS



HELGI PJETURSS

1872-1949

ÍSLENSK STEFNA

Útgefandi: Félag Nýalssinna

RITSTJÓRAR:

ÞORSTEINN JÓNSSON OG SVEINBJÖRN ÞORSTEINSSON

II. árg.

Marz 1952

I. töl.

HELGI ÞJETURSS:

ÞEKking OG VANÞEKking

I

„Þekking bætir mann ekki“ stendur yfir einni grein í dagblaðinu „Vísir“ nýlega, þar sem sagt er frá ritgerð eftir einhvern Lundell. Það er alveg óhætt að taka ennþá dýpra í árinni en „Vísir“ gerir og segja: þekkingin spillir mönnunum. En það verður að bæta því við, að þá sé litið á málið frá sjónarmiði þeirra, sem t. a. m. hafa laka vöru á boðstólum eins og mjög hefur tíðkast á landi hér, eða yfir höfuð frá sjónarmiði allra þeirra, sem að einhverju leyti byggja vald sitt og velmegun á vanþekkingu annarra, eins og mjög hefur átt sér stað í mannlegu félagi, og enn á sér stað.

Það er bezt að vera fáfróður, sagði kirkjufaðirinn Tertullian, eða eitthvað á þá leið, og fáfræði var einkenni miðaldanna, þegar kirkjuvaldið kaþólska stóð í blóma. Miðaldirnir tel ég frá því skömmu eftir 300, þegar Konstantín keisari tekur kristni, eða fer að aðhyllast þær kenningar, sem menn nefndu kristindóm; en svörtustu miðaldirnir tel ég hefjast 529, þegar Justinían keisari skipar að leggja niður háskólann í Aþenuborg, sem Plató hafði stofnað, og staðið hafði nærfellt í 1000 ár. Fáfræðin á miðöldunum var svo

megn, að tungumálin fornu aflöguðust, einkum eftir málsvenjum Gyðinga, sem enn sér og heyrir. Nýju málin eru, í samanburði við forn málin, varla annað en samsafn af heimskyrðum og bögumælum. En þó er auðvitað alveg nauðsynlegt að læra þau.

Það er óhætt að segja, að mannlífin sem farið hafi á þeim öldum sakir vanþekkingar, skipti hundruðum miljóna. Allt mannfallið í styrjöldum Rómaveldis, var lítið hjá því sem hlaut af þeim óþrífnaði, og allri þeirri breytingu á lífsháttum sem varð þegar hin forna menning – sem var þó auðvitað enganveginn fullkomin – varð að lúta í lægra haldi. Vanþekkingar vegna var það, sem Lundúnaborg á 17. öld var langtum óheilnæmari bær og banvænni en Rómaborg fyrir 2000 árum. Og svo að ég snúi mér að Íslandi, þá þykir mér annað ólíklegra en að það hafi kostað þetta þjóðfélag svo miljónum skiptir um stöðastliðinn mannsaldur þó að ekki sé lengri tími tiltekinn, að alþýðumenntun hefur ekki verið eins miklu betri, og hún hefði getað orðið, ef meiri áhuga, og segjum þrefalt meira fé hefði verið varið til að efla menntun og vísindi. Hvaðan hefði það fé átt að koma munu sumir segja, en þó aðeins þeir, sem ekki hafa hugleitt það hvað það þýðir, að menn geta, ef mér ekki skjátlast, farið héðan af landi burt með nokkur hundruð þúsund krónur hér græddar og það mest úr vösum fátæks almennings, án þess að verða að gjalda nokkurn skatt af. En annars þykir mér ekki ólíklegt með öllu, að fé mundi geta fengizt, og nóg til þess að betur væri unnt að halda í menningarhorfið en nú er gert, hefðu menn haldið áfram af Jóni Sigurðssyni, og reynt að fræða menntaða og mikilsverða Dani um, að frá Íslandi hafa nokkur hundruð miljónir króna runnið til Danmerkur, og að Danmörk er, sé rétt á lítið, í stórskuld við Ísland. Þykir mér býsna ótrúlegt, að ekki sé margir þeir menn í Danmörku, sem mundu telja Dönun vansæmd í að gjalda ekki eitthvað til muna af þessari skuld, ef þeir vissu nógu vel

hvernig málefnin eru. Gætu Danir orðið fögur fyrirmynd í því, hvernig stærri og miklu auðugri þjóð á að bæta fyrir rangindi og yfirgang við minni. Og ekki er ósennilegt að eitthvað þessháttar hafi vakað fyrir þeim af Danakonungum, sem vitrastur hefur verið á síðari öldum, og bezt viljaður í garð Íslendinga, Friðrik 8., þó að telja megi víst, að hann hafi verið ófróðari um skipti Íslendinga og Dana síðan 1602 (og áður), en æskilegt hefði verið frá íslenzku sjónarmiði.

II

Eitt sem vikið er að í grein Lundells, vita flestir nú orðið, að heppilegri námsaðferðir mætti hafa en þær, sem mest tíðkast ennþá, og ekki sízt hér á landi, þar sem allt of lítið er lært í dráttlist og öllu, sem að því lýtur að glæða athugun. Því það er dagsanna, sem Grettir sagði, að jafnan hlýtur illt af athugaleysinu. Eins mun flestum koma saman um, nú orðið, að miklar kyrrsetur yfir bókum séu ekki heilsusamlegar, sízt börnum, og verður vel að brýna fyrir þeim, sem mikið eiga að lesa, að hafa ekki bókina of nálægt augunum eins og mönnum hættir svo mjög við, og leggja stund á hlaup og góðan andardrátt. Ég held, að verulegar umbætur á íslenzkri menntun geti ekki orðið nema kjör kennara séu bætt til muna, og áhuginn á að búa sig undir starf sitt, betur studdur og glæddur. Nemendur í kennaraskólanum ættu t. a. m. að geta gert sér von um ferðastyrk (og eitthvað sem væri meira en nafnið) að verðlaunum fyrir mjög góða frammistöðu. Og það væri þjóðinni stór-hagur, að kennarar ættu svo gott, að þeir misstu ekki áhugann á að mennta sig áfram, og bæta kennsluaðferð sína. Að blindur leiði blindan er áreiðanlega ekki heppilegt. Það er mikill munur á kjörum kennara t. a. m. á Þýskalandi, þar sem menn bezt hafa sannað orð Bacons hins síðara, að „mennt er máttur“, og svo hér á landi. Einu sinni þegar ég var staddur í Berlín, heimsótti ég latínuskóla-

kennara þar. Hann hafði efni á að ferðast til annarra landa í sumarleyfinu, og tíma til að fást eitthvað við vísindi, auk kennslunnar. Hann hafði samið kennslubók eina ekki stóra, og hafði fengið yfir 7000 kr. fyrir hana, en átti þó von á meiru. Engan veginn virtist mér hann meiri gáfumaður en ýmsir kennarar mínir í latínuskólanum, en hann hafði auðvitað, á ýmsan hátt, átt hægra með að menntast en menn eiga hér í fásinninu, þar sem er svo erfitt að verða andlega sjálfstæður, og lítt hefur, síðan á 13. öld, notið þeirra manna, sem helzt hefðu getað orðið það. En slíkir menn eru eins og hyrningarsteinar þjóðmenntunarinnar. Einn af þeim, langt aftur á öldum, hét Ari Þorgilsson, og var ekki drepinn, eins og sumir aðrir höfuðskörungar íslenzkra bókmennta.

III

Ein ástæðan, og ef til vill aðalástæðan til þess að kennsla hefur verið og er illa borguð í samanburði við ýmsa atvinnu, sem ekki er jafn þýðingarmikil, gæti verið sem nú segir. Áður var það kirkjan sem tók að sér alla fræðslu. Klerkarnir voru nefndir kennimenn, en stundum voru klerkarnir í einu lagi nefndir lærdómurinn, hvorki meira né minna; enda var varla um annan lærdóm að ræða um tíma, en þeirra. En nú höfðu klerkarnir einhverjar beztu tekjurnar í löndunum, allt þjónaði í rauninni til þeirra, svo var vanþekkingin álitin mikils virði, þegar menn héldu að það væri þekking á veginum til sáluhjálpar. Klerkarnir þurftu ekki að vera að hugsa um sérstaka borgun, þó að þeir segðu eitthvað, eða skrifuðu til fróðleiks, (eða afmenntunar), eða kenndu í skólum. Og svo eimdi nokkuð eftir af þessu þegar aðrir en klerkar fóru að kenna og skrifa; menn hugsuðu ekki eins og þurfti um, að nú var öldin önnur, og ekki góðu herbergin í klaustrunum og vel skipuðu matborðin þar, handa kennurum að hverfa að.

IV

Fyrir nokkrum árum kom ég í klaustur. Meiri háttar klaustur gat það varla talizt, eftir því sem klaustur gerast þar í löndum; en þó var það há og mikil höll með meira en hundrað herbergjum. Mér veittist kostur á að heimsækja yfirklerkinn í klaustrinu. Herbergin hans máttu salir heita og man ég þar eftir skrifborði, sem var dýrgripur mikill, nokkur þúsund króna virði. Mér kom í hug skrifborðið hans Jónasar Hallgrímssonar, sem Páll heitinn Melsteð hafði eignast og sýndi mér stundum. Einfaldara gat borð varla verið. Við það sat að vísu skáldið og skrifaði Hulduljóð. Jónas sagði sjálfur að það væri gott kvæði, og hann sagði það ekki ósatt; það er eitt af þeim listaverkum, sem endast betur en eir. En fleira og betra mundi þó eftir þann höfuðsnilling liggja, hefði hann getað horfið í svipaðan bústað þessum þegar hann kom úr ferðum sínum.

Ég kom þar í bókasafnið í klaustrinu. Ekki man ég hvað mörg þúsund bækur voru þar, allar snyrtilega bundnar, en bókasalirnir sjálfir prýðilegir. Áður fyrrum fóru vísindamenn eða vísindamannsefni stundum í klaustur, ekki af neinum trúarákafa, heldur til þess að fá næði til að hugsa; og hefur ýmsum orðið hált á því, eins og Brúnó og Roger Baco. Var Hróðgeir þeirra miklu eldri því að þessi afkomandi Gönguhrólfs (er ég hygg verið hafi), var fæddur 1214, sama árið og sá sem af einum lærisveina sinna var nefndur alvitrastur og hófsamastur, söguritarinn Sturla Þórðarson. Hefur mér stundum verið að koma í hug, hvort ekki muni verið hafa eitthvert sálufélag milli þeirra frændanna, Hróðgeirs og Sturlu, eins og síðar milli Bacós yngra og Shakespears. Var Hróðgeir Bacó spámaður og einn hinn mesti afreksmaður að viti, og það svo mjög, að hann sagði, og til þess þurfti mikið vit á þeim öldum, að vitringarnir grísku og rómversku hefðu notið guðlegrar opinberunar, eigi síður en höfundar biblíunnar. Hróðgeir sagði fyrir þá á 13. öld, að

smíða mætti bifreiðar og flugvélar og margt fleira sagði hann, sem á þeim tímum þótti engu síður ótrúlegt, en það sem ég segi um sálufélag og ýmislegt annað. Var Hróðgeir nefndur doctor mirabilis, sem víst alls ekki átti að þýða aðdánanlegi doktorinn, eins og menn halda nú (doctor þýðir kennari) heldur undarlegi doktorinn, eða sá sem kennir undarlega hluti. En Tómas Aquinas, sem nærri því mátti heita flón eitt í samanburði við Róger Bacó, var nefndur doctor angelicus, engildoktorinn. Og svo hált varð Hróðgeiri á því, að hafa gengið í munkalög, að tíu ár var honum með öllu fyrirboðið að lesa og skrifa, en 14 ár sat hann í varðhaldi. Fyrir það eitt að hann var vitrari en samtíðarmenn hans.

Hún er nógu fróðleg, þegar farið er að hugleiða hana, saga þeirra manna, sem mestu góðu hefðu getað til leiðar komið, og mannkynið á mest að þakka. Af æfisögu Bacós og Brúnós, kynni sumum að virðast, að það væri heillavænlegra fyrir manninn, að vinna heldur ríki myrkranna, og tefja fyrir framförum mannkynsins, heldur en færa út svið mannglegrar þekkingar og auka mönnum vit, eins og þeir gerðu svo mjög. En þó mun ekki vera svo nema í bili. Ég hygg, að það muni satt reynast, sem sagt hefur verið, að þar sem vitið er muni mátturinn verða: „Magna est vis veritatis et prævalebit“.

(Ritað 1913)

HELGI PJETURSS

FRÆGASTA NAFNIÐ

I

Það, sem dr. Helgi Pjeturss mun verða frægastur fyrir í framtíðinni, er uppgötvun hans á lífsbandinu á milli stjarnanna. — Menn höfðu áður, og þó tiltölulega ekki fyrir löngu, uppgötvað stjörnurnar, látið sér skiljast, að þær eru sólir og jarðir, og að jörðin, sem þeir byggja er ein meðal þeirra. Menn höfðu áður, og þó tiltölulega aðeins fyrir skömmu, uppgötvað þróunina, látið sér skiljast, að lífið er hér vaxið upp frá mjög ófullkominni, sameiginlegri byrjun. En með uppgötvun lífsbandsins á milli stjarnanna verður það fyrst ljóst, hvað liggur að þessari byrjun og hvað knúið hefur þróunina fram. Og meira en það. Með uppgötvun lífsbandsins og lífgeislunarinnar er lífsgátan loksins ráðin, skilið, hver tilgangur lífsins er og hið innsta eðli. Því að sé lífið hér komið fram fyrir tilgeislan lífskraftar frá öðrum jarðstjörnum, þá liggur í augum uppi, að það er í eðli sínu aðeins ákveðin niðurskipan í efni og tilgangur þess fullkomnum efnisins. Með uppgötvun lífsbandsins verður það ljóst, að lífið hér er aðeins vesæll byrjunarþáttur í þrotlausu alheimslífi, og að það, sem mest ríður á, er að komast í æ meiri og fullkomnari sambönd við það. — Það sem tókst við samskipan og samstillingu einfrumunganna hér á jörðu, er meðal annars vera sú, sem nefnir sig mann. En það sem verða á og verða mun við samskipan og samstillingu fjölfrumunganna hér og samstillingu þeirra við allt líf í alheimi, er framkoma veru, sem sé meiri mun frammar mönnum en menn eru frammar einfrumungum. Til þess að svo megi verða,

sækir öll viðleitni heilbrigðs lífs, og til þess að skilja þetta, hefur í rauninni öll þekkingarviðleitni sótt. Fyrirfari þess að uppgötva lífsbandið á milli stjarnanna, varð auðvitað uppgötvunin á stjórnunum að vera, og eins má segja um uppgötvunina á frumunni og skilninginn á þróuninni. Allt var það eins og undirbúningur brúargerðar út á sund, sem með uppgötvun lífsbandsins er nú loks séð yfir um. Og það sem leiddi til sjálfrar þessarar höfuðuppgötvunar, var niðurstaða sú og skilningur, sem dr. Helgi komst að um eðli svefnisins og draumanna. Sú niðurstaða hans, að þar sé um magnan að ræða og sambönd vitunda, leiddi af sér skilninginn á lífsbandinu á milli stjarnanna. Uppgötvun draumgjafans leiddi til uppgötvunar sambandsins, en uppgötvun dr. Helga á stillislögmálinu gefur mesta möguleika til að færa sér í nyt þekkinguna á bandinu. Einmitt fyrir þekkinguna á því, hversu hið ríkjandi hugarfar á hverjum stað ræður því, hvaðan magnast er og hvernig, munu menn, þegar þekkingin verður þar orðin nógu almenn, læra að haga svo til, að samband þeirra verði æ við góða staði; og þannig aldrei nema til aukins vits og góðvildar. En slíkt samband er það, sem framar öllu skortir nú hér á jörðu.

II

Þetta var nú í fáum orðum sagt af kenningum Helga Þjeturss og uppgötvunum þeim, sem til grundvallar koma í ritum hans, og var hér þó um fátt eitt getið af þeirri útfærslu skilningsins, sem þær leiða af sér. Þannig sleppti ég að geta um, hvernig þar opnast skilningur á undirrót trúarbragðanna, eðli miðilsfyrirbrigðanna, innblástursins, hugboðanna og annars slíks, og kann það nú meðal annars að vera vegna birtunnar þangað, hve sumir eru þessu fráhverfir. Menn hafa svo lengi verið ljósfælnir í sambandi við trúarbrögð og dulrænu, að í rauninni þarf ekki að undra, þó að menn fagni lítt birtunni þangað, sumir, en öðrum kann að

finnast þetta allt óraunhæft vegna þess, hve skilningsútfærslan er þarna stór. Þeir, sem aldrei höfðu af afspurn eða eigin raun þekkt annað en víkina, sem þeir bjuggu við, mundu telja það óraunhæfar og ótrúlegar frásögur, sem þeim væru sagðar af úthafinu, og það þótt þær frásögur mættu verða þeim til stóraukins skilnings á víkinni þeirra eða því lífi, sem þar ætti sér stað. Menn hafa, til þess að skilja mikilleik lífsins, einmitt ekki gert sér nógu ljóst, hvíllk vík þetta líf er, sem hér er lifað, og tefur hér þó mest tómlæti manna og sú sannfæring, að þar sem um íslenzka hugsun sé að ræða, geti ekki átt sér stað neitt það, sem gaumgæfni sé vert og alúðar. Menn eru hér jafnvel drýldnir af undirlægjuskap sínum gagnvart stærri þjóðum, og fást því ekki til að líta við öðru en því, sem reist er af útlendum grunni og eftir útlendum fyrirmyndum, og það þótt auðsætt megi heita, stundum, að ágæti hinna erlendu leiðtoga hafi meira verið falið í dugnaði þeirra til að fá fólk til að trúá kenningum sínum en að hugsa rétt. Og þó er þetta, sem hér ræðir um svo ljóst í öllum aðalatriðum, að nálega hver maður ætti að geta skilið það, aðeins ef hugir þeirra væru ekki svo teknir af hleypidómum hins ríkjandi valds. Það, sem um er að ræða, er að sjá fram á, að æ verði aukning og útfærsla sambanda. Það sem varð, þegar lífið kom hér fyrst til sögunnar, var falið í því, að efni jarðarinnar, eða nokkur hluti þeirra, tóku að stillast saman til aukins og fullkomnara sambands við allan heim. Hin líflausa jörð var áður aðeins í tiltölulega ófullkomnu sambandi við aðrar stjörnur, sambandi ljóss og seguls, sem er seinfært og takmarkað að sínu leyti líkt og hljóðið, sem veitir sambönd einungis um takmarkaðar fjarlægðir innan takmarka jarðarinnar. En með lífinu var hafin ný samskipan til hraðari orkuflutninga og víðtækari sambanda, sem borið gætu ljósið á vængjum sínum eins og rafgeislinn getur borið hljóðið, og má þó ætla mun hraðans og víðtækinnar þar ennþá meiri en þann mun, sem er á hraða og víðtæki ljósgeisl-

ans og hljóðgeislans. Má vel hugsa sér þetta þannig, að lífgeislinn sé samanborið við ljósgeislann líkt og hreyfing Vetrarbrautarinnar er samanborið við hreyfingu jarðarinnar, og væri þó líklega réttara að nefna hér vetrarbraut vetrarbrauta, heild þá, sem vetrarbrautirnar eru í sem eindir. Lífið er þannig samstilling hins smáa til sambands við hið stóra og þrotlausa, eða viðleitni til slíks, því að án þess að vitið sigri, svo að lifendunum verði þetta ljóst, tekst ekki þessi útfærsla sambandanna, nema um stundarsakir. Án þess, að lifendurnir átti sig á, hvað lífið í eðli sínu er og tilgangur þess, geta þeir ekki vitandi vits orðið þeir þátttakendur í hinu mikla fyriræki þess, svo sem nauðsynlegt er. Það er í rauninni svo auðsætt, að án þess að menn skilji til fulls eða sjái framúr, hlýtur það vit, sem þeim hefur áunnizt, að verða þeim til ófarnaðar, verða þeim líkt og brúarlögn, sem aldrei náði yfir það djúp, sem brúa átti. — Meðan lífið var hér lítt eða ekki vitandi, náði forsjónin að leiða það samkvæmt eðlisávisun framhá sumum hættum. En með þroska vitsins hlaut sú handleiðsla að rofna að nokkru, og þaðanaf dugir ekki minna en gegnverkan vitzunnar til vitandi samleiks við forsjónina.

III

Þeir, sem urðu til þess að færa út þekkinguna á heiminum, hafa nú hlotið frægð hjá öllum sannleiksunnandi mönnum, og er eins um þá, sem forvígismenn urðu að þróunar-kenningunni, sem nú má heita viðurkennd. En svo fjarri mun fara því, að uppgötvun lífsambandsins muni í framtíðinni skyggja á verk þessara manna, að með henni munu þau fyrst verða matin til fulls. Þá fyrst, þegar brúin verður komin yfir um og menn taka að fara hana, munu þeir að verðleikum fara að meta þá, sem fyrstir unnu þar að, og það jafnvel þó að þeim væri naumast ljóst, hvers vegna þeir unnu þar að. Nafnið, sem frægast mun verða í framtíðinni, mun

þannig ekki verða til að skyggja á önnur nöfn, heldur mun útfrá því bregða birtu á sérhvert það nafn annað, sem frægðar var vert. Og frægð þess og annarra slíkra mun ekki verða sem frægð þeirra, sem miklar sögur fóru af en ekkert liggur eftir, eins og t. d. frægð herkonunga er, heldur mun frægð þess verða sem lifandi þáttur í þróun allrar framtíðar. Eins og saga lífsþróunarinnar er rakin á fósturskeiði hvers nýs einstaklings, þannig mun minningin um þróunarfrömuði mannkynsins æ verða vakandi í hverju spori þess fram. Og þegar komið yrði á þá leið, sem þekkingin á lífsambandinu má verða upphaf að, þá mundi þetta einnig fara að taka til framtíðarinnar á hverum tíma. Um leið og menn lærðu æ betur að vita sögu sína og alls þess, sem þeir skópust af, mundu þeir æ betur vita, hvað framundan væri og geta hagg að sér eftir því. Það, að læra að meta rétt fortíðina, mundi óhjákvæmilega leiða til þess, að betur yrði um framtíðina vitað, því að í fortíðinni á hvað eina í framtíðinni rætur. Og ef til vill mundi hið algjöra víðtæki sambandanna í rúmi leiða, eða geta leitt, til slíks víðsæis í tíma, að bæði hið liðna og hið ókomna gæti orðið mönnum sem nútíð eða afkomendum manna, eins og réttara væri að segja, því að þegar svo væri komið, væri í rauninni ekki framar um menn að ræða fremur en nú er hér um apa þá, sem voru foreldri mannanna. En það, sem nær er og mestu skiptir fyrir nútíðina, er lausn vanda, sem ég gat um hér í byrjun, því að með magnan þeirri, sem þekkingin á lífsambandinu mætti ein færa, mundu sambönd og samskipan einstaklinganna fara að takast hér svo sem til er ætlast. Þannig mundi þá hinn blindi útþensluvilji þjóðanna og mannflokkanna fara að stillast í hóf þannig, að ekki leiddi framar til árekstra og baráttu. Með hinni réttu samstillingu lifenda jarðarinnar, og sem leiða mætti af því einu, að fullkomnari sambönd tækjust við lífheima annarra jarða, mundi vandi sá verða leystur, sem af offjölgun gæti stafað og misvexti hinna ýmsu kyn-

þátta mannkynsins, því að auk þess, að fyrir hin auknu sambönd mundu æ opnast nýjar leiðir til aukins lífs, mundi af þeim leiða, að hvergi mundi verða um ofvöxt að ræða fremur en í heilbrigðum líkama, hvergi um ofvöxt lífs að ræða framyfir lífsmöguleikana og ekki um ofvöxt neins kynþáttar fram yfir það, sem hollt væri heild mannkynsins. Sérhver líftegund og sérhver kynþáttur manna mundi fyrir fullkomnun sambandanna takmarkast af sinni sérstöku þýðingu fyrir alla heildina, því að útpensla hvers fram yfir það, mundi verða honum til ófarnaðar. Má vel skilja, að sérhver tegund og sérhvert afbrigði er fram komið af nauðsyn og hvað fyrir sitt hlutverk, en með hinni réttu skipan, sem ekki mundi verða stjórn málalegs eðlis, mundi hver vita um sína köllun og sína takmörkun um leið og hann vissi um ágæti allra annarra, og aukning þeirra verða því mest, sem mest væri þörfin fyrir í sókninni fram til hinna æ meiri og fullkomnari sambanda. Með sigri lífsins og sannleikans mundu gallarnir hverfa, en kostanna einna gæta hjá hverjum einum, og hvað, sem hver átti til fegurst, koma fram fegrað og aukið. En til þess að þetta megi verða og ekki fari svo sem til stefnir nú, þurfa menn betur að læra að meta það, sem bezt mætti verða þeim til farsældar. Og þótt ótrúlegt kunní að virðast, þá væri þar hið fyrsta, að Íslendingar gerðu sér ljóst, hvert nafn það er, sem mestrar frægðar er vert og frægast verður í framtíðinni, ef hið góða sigrar. Til þess að bregði til hins betra og ekki verði hrun þess upphafs, sem lagt hefur verið út á til fullkomnara sambands við allan heim, þarf hið afarólíklega og afarörðuga að eiga sér stað fyrst, að Íslendingar uppgötvi það, að meðal þeirra hafi nýlega lifað maður, sem unnið hafi þýðingarmeira starf en jafnvel nokkur annar hefur unnið á þessari jörð.

ÞORSTEINN JÓNSSON

á Úlfssstöðum

VAKNING

I

Kvöld eitt í októbermánuði 1920 verður mér ætíð minnisstætt. Nýkominn heim úr kaupstað byrjaði ég þá að lesa Nýal dr. Helga Pjeturss, sem ég hafði fengið um daginn, eða tvö fyrri hefti hans. Fannst mér undir eins og ég las einkunnarorðin fyrir ritgerðinni, „Hið mikla samband“, eins og færi um mig annarlegur kraftur, því að svo djarflega fannst mér þar og nýstárlega tekið á málunum. „Það sem þúsundir miljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á ðrum hnöttum“ o. s. frv. segir þar og var það vissulega djörf staðhæfing og ný. Þar til ég las þessa setningu, hafði ég ekki séð stjörnurnar, eða aðra hnetti og lífið þar, sett í samband við þetta, sem menn höfðu nefnt anda og guði og varð mér því ljóst, að hér var um að ræða mikið vik frá flatneskju venjunnar. Er ég las áfram kom í ljós, svo ekki varð um villzt, að mjög var sótt á brattann til nýs og mikils útsýnis. Hin sterku rök, sem ritgerðin birti mér fyrir þessari hugsun, urðu undir eins hin raunverulega fót-festa. Varð ég þegar hugfanginn af lestrinum. Mér fannst eins og ég væri að leita upp úr dimmum dal, þangað sem bjartara var og fegra um að litast. Því lengra sem miðaði fram lestrinum, því meira eyddist þokan og því stórfenglegra varð útsýnið. Við lok ritgerðarinnar, sem ég las þarna í einni lotu, fannst mér sem ég stæði á háum tindi og er ekki ofsagt að margt væri mér þá ljósara orðið enn áður hafði verið. Enda minnst ég æfinlega þessa lesturs síðan, sem míns stórkostlegasta ferðalags.

II

Þetta eru nú í fáum orðum sögð, mín fyrstu kynni af kenningum dr. Helga Pjeturss. Að vísu hafði ég eitthvað séð greinar hans áður í blöðum og tímaritum, án þess þó að hafa gjört mér verulega grein fyrir kenningum hans. Og þó að ég læsi bæði þessi hefti, með því líkri hrifni og að framan er lýst, þá er eðlilega margt, sem ég gjörði mér ekki fulla grein fyrir, við þennan fyrsta lestur. Fór ég nú að lesa Nýal aftur með meiri gjörhygli. Hugsast gat að við hinn fyrsta lestur hefði undrunin gert mig um of hrifinn og að mér hefði sézt yfir sumt, sem komið gæti þarna til andmæla. En ekki sýndist mér þannig við annan lestur, því við hann og hina auknu athugun mína, urðu þessi mál enn ljósari fyrir mér. Það sem mér, eftir fyrsti lesturinn, hafði ekki fundizt nógu ljóst, fann ég nú að stafaði af því, að ég hafði ekki lesið það nógu vel. Skil ég nú, að sljóleiki manna gagnvart þessum kenningum stafar mest af því, að þeir lesa ekki nógu vel. Það er hægt og oft freistandi, án átaka og erfiðis að fara hinn slétta veg vanans. En þegar um nýjungar er að ræða, eins og þær sem Nýall flytur, þá þarf vel að lesa og gaumgæfilega. Þá þarf að gæta að hverju einu, eins og verið sé að klífa bratt einstigi. Sérhvert þrep upp á við verður maður að gera sér raunverulegt og ljóst, því annars færir lesturinn ekki þá útsýn, sem til er ætlast. Vegna hins lélega lesturs, getur líka svo farið, að manni virðist það niður á við, sem er upp og að lesarinn dæmi, á þá leið sem öfugust er og sízt skyldi. — Ég fór nú að prófa undirstöðuuna að þessum kenningum, sem er uppgötvun dr. Helga á eðli svefnisins og draumanna. Var það ef til vill einkum hún, sem ég tregðaðist mest við í fyrstu. Hún braut allmjög í bága við mína draumatrú, sem var víst allrótgróin. Er ég fór hér að athuga, gerði ég mér brátt ljósan þann mun, sem er á hugsun og draumum. Ég skildi þannig, að draumur er annað en hugsun, eða það að dreyma einhvern hlut, er annað enn að hugsa

um hann. Ennfremur fór ég að gjöra mér ljóst, að draumar geta ekki verið endurminningar manns sjálfs, því að slíkt kemur svo vel fram við nána athugun á draumunum sjálfum, eða draumsýnunum. Allt sem ég í svefninum þýddi fyrir eitthvað, sem ég þekkti í vöku, sá ég nú við nánari athugun á draumunum, að var allt annað. Hefur mönnum sézt yfir þetta atriði, þegar þeir segja frá draumum sínum og skal hér nú til dæmis geta þessa:

Ég þóttist vera ásamt fleirum að leggja upp í ferðalag og taka mig upp frá innsta bænum hér í sveitinni. Þótti mér þá einhvern tíma í ferðinni við vera staddir á hæð nokkurri og sást þaðan yfir mikið undirlendi allt í kring. Runnu þar smáar um grundir og sanda. Í fjarska sá ég lág fjöll og þóttist ég í svefninum vita að norður af þeim tæki við undirlendi. En þegar ég í vöku hugleiði þetta, er mér ljóst, að landslag þetta var allt annað en það, sem raunverulega er hér inn af sveitinni, þar sem mér þótti þetta vera, og verður þessi draumur því ekki skiljanlegur á annan hátt en þann, að þarna hafi borið fyrir mig land, sem ég raunverulega ekki þekkti og að það hafi borið fyrir mig vegna þess, að einhver annar hafi séð það og að það hins vegar hafi verið honum kunnugt, því í draumnum fannst mér ég þekkja þetta vel. Með öðrum orðum, draumur þessi — og slíka drauma get ég tilfært mjög marga — skýrist alveg af kenningu dr. Helga um draumgjafann og verða því allir slíkir draumar, til þess að færa stóðir undir þá skýringu. En til stuðnings því að lífs-samband eigi sér stað stjarna á milli, eða þess að draumgjafinn sé stundum íbúi annarrar jarðar, skal t. d. nefna það, að ég þóttist einu sinni í draumi vera að athuga landabréf. Mér er vel ljós, að í vöku hef ég aldrei séð dregna upp þá landskipan, sem þar bar fyrir mig. Þóttist ég þar meðal annars vera að skoða uppdrátt af Íslandi og man ég vel að lögun þess var öll önnur en er. Fjalllendi þótti mér þar ekki sýnt, nema lítið. Að vísu blandaðist inn í þennan draum af end-

urminningum um það, sem ég raunverulega veit um Ísland og önnur lönd hér á jörðu. En hin raunverulega sýn, er mér ljóst að var önnur en er, bæði hvað snertir uppdráttinn af Íslandi og svo um landaskipan aðra hér á jörðu.

III

Þegar ég fyrir leiðbeining Nýals hafði gjört mér þetta ljóst, sem að framan greinir, fór ég að gera mér ljós áhrif frá öðrum á drauma mína og reyndist mér einnig þar samkvæmt því sem dr. Helgi segir um stillisögmálið. En jafnframt fór ég að gjöra mér ljós áhrif annarra manna á mig vakandi og tók þá að skilja hversu afdrifarík þau eru fyrir ástand mannfélagsins á hverjum tíma. Mér lærðist æ betur og betur, að taka eftir, að mitt eigið sálarástand varð fyrir áhrifum frá öðrum og varð mér þá ljóst af eigin raun, hvílíkur kraftur hugsanir manna geta verið, ef samstilltar væru. Áhrifa þessara hafði ég að sjálfsgöðu orðið var, svo sem allir munu verða, á meiri og minni hátt. En áður en ég gæti gert mér þau ljós, þurfti að vekja athygli mína þar á, og fer flestum svo. Til þess að finna og sjá, þarf venjulega einhvern til að kenna manni það. Er þá mest um vert að geta þegið kennsluna, eða leiðbeininguna. Þegar nú athygli mín var hér vakin og ég fór sjálfur að gæta að, þá fór ég að taka eftir því, hve áhrif manna eru ákaflega misjöfn. Áhrif sumra fara til þess, að styrkja mann og örva, en áhrif annarra til að draga úr manni og afmagna. Reyndi ég síðar, að frá engum manni, hef ég fundið slíka mögnun göfgunar og hreinleiks og frá dr. Helga sjálfum, sem ég var svo lánsamur að hitta nokkrum sinnum. Í einskis manns návist sem hans, varð hugur minn eins gagntekinn af göðvild og góðum áformum og gætti þeirra áhrifa hans oft lengi á eftir. Var jafnan sem þau áhrif væru vakin að nokkru, er mér barst ný bók eða blaðgrein eftir hann, og var þá sem færi um mig fagnaðar-

kraftur. Og enn finn ég eftiróm þessara áhrifa, er ég les rit dr. Helga.

IV

Þetta sem að framan segir, er í fáum dráttum það, sem ég gerði mér ljóst, þegar eftir hið umrædda haustkvöld, og hefur þau nálega 30 ár, sem síðan eru liðin, vissa mín í þessum efnun orðið æ sterkari. Þannig hefur síðan bættz reynsla á reynslu ofan, sem æ betur hefur styrkt undirstöður þessa stórfenglega skilnings, sem rit dr. Helga hafa að færa. Og það, hversu vel þessar kenningar hans koma heim við það, sem bezt hefur verið vitað áður, hefur mér æ orðið ljósara. Lítum t. a. m. á hversu beint framhald þær eru af heimsfræði Brúnós, og í hve góðu samræmi þær einnig eru við þróunar-kenninguna, sem ruddi sér fyrst til rúms á öldinni sem leið. — Sé nú litið á kjarna trúarbragðanna, staðreyndir miðilfyrirbrigðanna og annað sem dularfullt hefur verið kallað, þá kemur einnig hið sama fram. Kenningar Nýals bregða þar alls staðar ljósi yfir og gera allt skiljanlegt. Í ljósi þeirra opnast samræmið og möguleikar hlutanna óendanlega, fram til æ meiri fullkonnunar. Í ljósi þeirra verður það, sem áður var talið ósættanlegt, eins og t. a. m. líffræði vísindanna og trúin á framhaldslíf, ekki framar andstætt, heldur samstætt, þannig að hvað verði öðru til fyllingar. Kenningin um lífsstarfsíleiðsluna og magnanarfræði dr. Helga, verður þar alls staðar til skilnings og samræmingar, enda sjálf rökrétt framhald af skilningi manna á lögmálum þyngdar og rafmagns, sem nú er viðurkennd í eðlisfræðinni. Virðist mér því sem hér muni loks vera fundinn lykkill að óendanlegri þekkingu og að dr. Helgi hafi rutt leið til þeirra furðustranda, sem mannkynið hefur frá öndverðu trúað, að til væru. Þori ég vel að leggja staðhæfingu um það, undir dóm framtíðarinnar.

Í apríl 1949

BJARNI BJARNASON

EÐLI DRAUMA

Mér hefur lengi leikið hugur á að vekja athygli á hinum stórmerku rannsóknum dr. Helga Pjeturss á eðli drauma. Þó að hann hafi varið miklum hluta æfi sinnar til þeirra rannsókna varð honum ekki meira ágengt en svo, að aðeins örfáir menn hafa tekið hann alvarlega, og reynt að kryfja þær til mergjar. Þeir sem vegna lærdóms og sérþekkingar á þessu sviði standa bezt að vígi að gagnrýna þær, eða leggja á þær blessun sína, hafa aldrei, svo ég viti, getið þeirra opinberlega, og skýringin er nærtæk. Niðurstöður hans eru svo nýstárlegar, svo óvæntar, svo stórkostlegs eðlis, að ef þær reynast réttar, hefst hvorki meira né minna en bylting í þekkingarsögu mannkynsins. Ótal mörgu, sem hingað til hefur verið álitnið góð og gild vísindi, verður að varpa fyrir borð en hinn nýi rannsóknargrundvöllur, sem fundinn er, mun varpa ljósi yfir margt hið torskildasta í ríki náttúrunnar. Það er ekki að undra þó að slíkum hlutum sé dauflega tekið, enda virðist mér að ætlunin sé sú að þegja þessar rannsóknir dr. H. P. á eðli drauma í hel. — Tilgangurinn með þessum línum er að reyna að gera sem gleggsta grein fyrir hverjar þessar rannsóknir og niðurstöður eru, ef verða mætti til þess að vekja menn til umhugsunar um þetta stórmerka mál. Mun ég taka upp orðréttu kafla úr ritum dr. H. P. eftir því sem þurfa þykir, en að öðru leyti leitast við að gera efnið, sem mun þykja talsvert torskilið, sem ljósast og aðgengilegast. Þess er varla að vænta, að sá sem les um þessa hluti í fyrsta sinn, átti sig á þeim til fulls, en von mín er sú að velviljaður og þjóðrækinn lesandi gefi þessu máli fullan

gaum og gangi úr skugga um af eigin athugunum, hvort ekki er verið á réttri leið.

Undanfarin ár hef ég allmikið fengist við athuganir á draumum og þykist því geta talað af nokkurri reynslu. Svo vill til að mig dreymir oft mjög skýrt, ég held töluvert skýrara en marga þá sem ég þekki, en að dreyma skýrt öðru hverju er frumskilyrði þess að geta áttað sig á hinu sanna í málinu. Og það er ekki að orðlengja það að ég tel mig geta fyrir mitt leyti fullkomlega staðfest það sem dr. H. P. segir. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að allir sem vilja geta áttað sig á að hið rétta er fundið, og þarf engan sérstakan lærdóm, eða vísindamannshæfileika til, en aðeins nokkra þolinmæði.

Það sem fyrir mér vakir, er að fá menn til að átta sig á kjarna málsins, þ. e. hvað gerist þegar mann dreymir. Hvort draumar eru fyrir þessu eða hinu, læt ég í þetta sinn liggja á milli hluta. Hið eiginlega eðli drauma, er það sem hér verður rætt um.

Þessi inngangur verður nú ekki lengri, heldur sný ég mér að efninu. Þar sem tekið er upp orðrétt úr Nýal, er aðallega stuðst við kafla í 3. hefti, er heitir „Önnur uppgötvunarsaga“, bls. 449–470. Þar segir: „... eðli drauma er mér nú kunnugt orðið. Mér er það alveg ljóst, að eg skipti um meðvitund, þegar eg vakna. Í svefni fæ eg þátt í lífi einhvers annars.“

Flestir munu hafa tekið eftir því, að oft er þeir vakna, tekur það töluverðan tíma að átta sig. Viðburðir draumsins eru svo raunverulegir, endurminningin um hina margvíslegustu hluti svo skýr, að nokkurn tíma tekur að átta sig, sannfærast um að allt þetta, sem var að gerast, var ekki annað en „bara draumur“. Og enn segir: „Uppgötvun á mun var fyrsti aðalviðburðurinn í rannsóknum mínum. Haustið 1901 hafði ég af talsverðri alvöru farið að lesa rit Schopenhauers, spekings, sem eg á mjög mikið að þakka. Og með hans tilstyrk var það,

sem athygli mín vaknaði fyrst á þeim eftirtektarverða mun, sem er á svefnvitund og vökuvitund og seinna skildi eg, að það er þessi munur, sem á að vera aðalrannsóknarefnið, og fyrst verður að gera grein fyrir ef vita skal eðli drauma.

Hver þessi munur er, má skýra þannig:

Maður horfir út um glugga og sér hest. Þessi stórmerkilega myndavél, sem kölluð er auga, býr til mynd af hestinum og þetta hefur þau áhrif á heila mannsins, að í meðvitund hans verður mynd af hestinum. Maðurinn gengur síðan frá glugganum og sezt í stól og fer að hugsa um hestinn. En nú er innihald meðvitundar hans, frábrugðið orðið því sem var, meðan hann horfði á hestinn. Hugtakið hestur er í meðvitund hans, ýmsar endurminningar um stærð, lit og vaxtarlag hestsins, en mynd af hesti er þar ekki. Nú sofnar maðurinn í stólnum og dreymir hest. Og nú er orðin breyting á meðvitundinni; nú er ekki eins og þegar hann hugsar um hest, heldur eins og þegar hann sér hest. Að dreyma hest er að sjá hest, en ekki eins og að hugsa sér hest.

Og virðum vér fyrir oss aðra skynjun, þá er eins. Maður, sem er á gangi t. d., hefur ýmsar tilfinningar, sem ganginum eru samfara. Haldi hann kyrru fyrir og hugsi um hvernig er að vera á gangi, þá eru ekki slíkar tilfinningar í meðvitund hans, heldur endurminningin um þær. En að dreyma gang er aftur eins og að vera á gangi.

Þetta er sá merkilegi munur, sem ég sá að byrja varð á að rannsaka. Draumurinn er líf, en ekki endurminning um líf.“

Þetta sem nú var sagt, veit ég að flestir muni telja helbera vitleysu. Því að svo einfalt mál, sem það virðist að átta sig á þessu, þá er það trúarsetning sálfræðinga að endurminning og hugarstarf eitt geti skapað raunverulega mynd í meðvitundinni. Ímyndunaraflið er talið fært um að skapa raunverulega mynd. Ég legg til að þeir sem þetta lesa geri snöggvast einfalda tilraun. Horfið góða stund á einhvern hlut, t. d.

borð, stól, eða hvaða annan hlut í umhverfinu. Athugið vel og vandlega, setið á minnið og lokið síðan augunum og reyndið að hugsa ykkur hlutinn, sjá hann í huganum. Þér munuð fljótlega sannfærast um að þar er engin mynd, hversu vel sem að er gáð. Er ég var unglingur, dundaði ég talsvert við teikningar. Ég tamdi mér að athuga t. d. fólk á vissan hátt. Athugaði ennið, nefið, munninn, augun o. s. frv., reyndi að leggja á minnið einkenni hvers um sig og innbyrðis afstöðu, komst að niðurstöðu um það hvernig myndin skyldi vera, og teiknaði síðan eftir minni, án þess að hafa fyrirmyndina fyrir augunum, en reyndi að sjá í huganum þann, sem teikna skyldi. Það tókst mér aldrei, það var mér augljóst. Það sem ég gerði var að rifja upp helztu atriði og reyna að gera sýnilegt á pappírnum, það sem ég hafði lagt á minnið. Það er nokkurn veginn augljóst, að endurminning um t. d. andlit, hversu glögg sem hún kann að vera, er aldrei eins ljós og að horfa á andlitið sjálft.

Nú mætti segja mér að ýmsir haldi að miklir myndlistarmenn muni hafa þennan hæfileika í ríkara mæli en venjulegt fólk, og er það sjálfsagt rétt, en sá hæfileiki er vafalaust vegna óvenjulega næmrar eftirtektar, sjónnæmis, að sínu leyti eins og miklir tónlistarmenn geta svo að segja á svipstundu lært og munað hin flóknustu tónverk.

Sú gamla trú, að endurminning og ímyndanin geti orðið svo sterk að raunveruleg mynd komi fram í huganum, er röng og á að hverfa, vegna þess, að hún hefur til þessa verið það sker, sem allar framfarir í sálarfræði hafa strandað á.

En höldum nú áfram. Þetta var meginatriði að átta sig á muninum á vökuvitund og svefnvitund, muninum á glöggri endurminningu og raunverulegri mynd í huganum. Allir hafa heyrt talað um hugskeyti, sumir eru mjög næmir fyrir slíku, að hugskeyti geti borizt manna á milli, er nú vísindaleg staðreynd, sem ekki verður neitað. Maður getur hugsað sér að það verði á þessa leið (og tek ég nú aftur upp orðrétt):

„ . . . til sérhvers orðs í meðvitundinni svarar sérstakt ástand heilans. Og ef nú getur flutzt orð frá huga til huga, þá er það af því að ástand eins heila getur haft þau áhrif á annan heila, að sama ástand verði þar. Eða með öðrum orðum, ástand eins heila getur framleitt sig í öðrum heila. En ef svo er, þá getur alveg eins flutzt frá einum heila til annars það ástand, sem samsvarar mynd í meðvitund þess, sem heilann á. En það verður sama sem að einn maður geti séð með augum annars. Eða með öðrum orðum: það sem ein augu sjá, getur komið fram, eigi einungis í þeim heilanum, sem augun fylgja, heldur einnig í öðrum.“

Það er þetta sem gerist þegar mann dreymir, ástand eins heila og taugakerfis kemur fram í öðrum heila og öðru taugakerfi.

Þetta mun þykja furðuleg staðhæfing, en nú vill svo til, að öllum er í lófa lagið að gera athugun, sem sannar alveg ótvírætt að þessu er svona farið. Ef ég er í svefni eins konar móttökutæki, sem fæ sendar myndir, orð o. s. frv. annars staðar frá og ef annar maður getur framleitt í mínum heila heilaástand sjálfs sín (það sem hann sér, tilfinningar sínar o. s. frv.) þá á ég, þegar ég sé sjálfan mig í draumi, ekki að sjá mitt eigið útlit, heldur útlit þess, sem áhrifin stafa frá, ég á að sjá draumgjafa minn, en ekki sjálfan mig, og það er einmitt þetta, sem allir geta gengið úr skugga um. Sjálfur hef ég ótal sinnum séð mig í spegli í draumi og ætla ég ekki að reyna að lýsa öllum þeim ólíku mönnum, sem ég hef þar augum litið. Ég get af eigin athugunum fullyrt að í hvert einasta sinn sem ég sé sjálfan mig, er það ekki mitt eigið útlit, sem ég sé, heldurs einhvers annars. Flestir draumar eru ekki skýrari en svo, að meðan dreymt er, getur maður horft á sjálfan sig án þess að sjá nokkuð athugavert við það að maður er gjörólíkur því, sem á að vera, en stundum skýrist draumurinn og hef ég þá oft getað áttað mig á því, meðan mig var að dreyma, að ég var að horfa á draumgjafa minn. En venjulega er gangurinn

sá, að fyrst þegar maður vaknar og minnst útlits síns í draumnum, verður ljóst hversu ólíkur maður var sjálfum sér.

Og enn segir:

„Draumunum má skipta í 2 aðalflokka. Sumir draumar eru þannig að mér þykir sem allt, sem mig dreymir, sé mér kunnugt úr vöku. Draumar þessir eru meira og minna ruglingslegir og þegar ég fór að læra að athuga þessa drauma, sá ég að þar er um tómar missýningar að ræða; ég segi ekki misskynjanir, svo að ég haldi mér nákvæmlega við það sem ég hef einkum rannsakað, en það eru draumsýnirnar. Mér tókst að átta mig alveg á því, að sýnin sem fyrir mig bar í draumnum var ekki það sem ég þóttist sjá.

Og þetta var alveg sérstaklega þýðingarmikil uppgötvun, því að þarna fékk ég óyggjandi sönnun fyrir því, að draumsjónirnar eru ekki búnar til af hugarum sjálfum, heldur komnar inn í hugann að utan.“

Ég hygg að menn hafi ekki gefið þessu þann gaum sem vert er. Að vísu ber nokkuð á því, er sagt er frá draumum, að haft er orð á að sá eða sú eða umhverfið hafi verið allmjög breytt frá því, sem dreymandinn annars þekkir. En algengast mun vera að menn segja sig t. d. hafa dreymt ákveðna menn af því að í draumnum fannst þeim það vera þessir menn, þó að útlit þeirra væri allt annað í draumnum en í raun og veru.

Í öllum tilfellum, þegar draumurinn er sæmilega skýr, hef ég getað gengið úr skugga um að það, sem mér þótti mér kunnugt í draumnum, var ekki það sem ég þóttist sjá. Ég vildi beina þeirri ósk til þeirra, sem þetta lesa, að þeir veiti þessu sérstaka athygli. Meðan draumurinn er enn sæmilega skýr í endurminningunni, en það er venjulega mjög stuttan tíma eftir að maður er vaknaður, er ágætt tækifæri til að ganga úr skugga um sannleiksgildi þess sem á undan var sagt.

Missýningadraumar, en svo má nefna þessa drauma, eru það sem menn dreymir langoftast, en svo er allmikið um öðruvísi drauma, skýra drauma. Þá er meðvitundin svo glögg að þó að maður sofi, þá er maður eins og glaðvakandi, en allt sem fyrir augun ber er algjörlega ókunnugt úr vöku. Þannig hefur mig mjög oft dreymt, og það varð til þess að ég fór að fá áhuga fyrir draumum.

Þær athuganir, sem ég fram að þessu hef verið að reyna að gera ljósar, verða alveg óskiljanlegar ef haldið er í þá skoðun, sem reyndar mun vera ríkjandi, að draumarnir eigi upptök sín í meðvitund mannsins sjálfs, án áhrifa utan að. Ef hins vegar er gert ráð fyrir draumgjafa, er allt auðskildara, og tek ég enn upp orðrétt:

„Til þess að gera oss þetta ljóst, getum vér farið þannig að: Það sem vér horfum á, vekur hjá oss hugsanir og tilfinningar. Eða með öðrum orðum, myndin, sem frá auganu kemur í huga vorn, fær eins konar fylgd eða föruneysi af hugsunum og tilfinningum. Gerum nú ráð fyrir, að myndin með þessu föruneysi sínu, flytjist úr einum heila í annan. Það virðist nokkurn veginn ljóst, að hin tilsenda, eða utan- aðkomandi mynd, veki fremur eftirtekt viðtakanda, heldur en hugsana- og tilfinningafylgd hennar.

Í missýningadraumunum er þetta nú þannig. Sambandið við draumgjafann er þar svo ófullkomið, að einungis myndin nær að koma fram í meðvitund draumþegans, en ekki, eða einungis líttillega, hugsanaföruneysi hennar. Aftur á móti dregur aðkomumyndin að sér föruneysi líkrar eða skyldrar myndar, sem í vöku hafði komið í huga dreymandans eða draumþegans og af því verður missýningin.

Og enn má orða þetta þannig. Þegar oss virðist sem allt í draumnum sé oss kunnugt úr vöku, þá er það af því, að sambandið við draumgjafann er ófullkomið; myndirnar úr heila draumgjafans ná að vísu að koma fram í vorum heila, en síður sá skilningur og þær endurminningar, sem myndunum

eru samfara. Þar verður vort eigið heilaástand yfirsterkara. Draumsýnirnar umskapast þess vegna eftir vorum endurminningum og voru hugarfari og verða að missýningum.

Vér skiljum nú einnig glögg, að draumarnir þar sem vér sjáum það sem er oss ókunnugt úr vöku, verða þegar sambandið við draumgjafann er svo fullkomið, að eigi einungis nær að koma fram í vorum heila, myndin úr heila hans, heldur einnig svo mikið af hugsanaföruneysi myndarinnar, að eigi verður missýning.

Væru enn eftir nokkrar efasemdir um að verið væri á hinn réttu skilningsleið í þessu máli, þá hverfa þær ef vér gætum að því, hvernig draumaflokkarinn renna saman á takmörkum, alveg eins og búast mátti við eftir skýringunni. Sami draumurinn getur talizt til beggja flokkanna. Eins og t. d. sá, sem nú skal greina, og er þar auðvitað ekki sagt frá neinum hugsuðum athugunum — því að það mundi ekki stoða — heldur frá draum, sem mig hefur dreymt í raun og veru. Mér þótti sem ég væri á gangi hér í Reykjavík og sem ég nú geng eftir götunni, skýrist meðvitund mín, og ég fer að taka betur eftir húsunum en ég hafði gert áður og þá verð ég þess var, að þessi hús hef ég aldrei séð áður, ég er ekki í Reykjavík, og ekki í neinni götu, sem ég hef í vöku séð. Svo annarleg eru húsin, að mér er óhætt að taka dýpra í árinni og segja, að borg eins og þessa, hef ég aldrei í vöku séð. Ég held áfram götuna, unz ég er kominn niður að sjó. Og enn skýrist meðvitundin, og er furðu fróðlegt að veita því eftirtekt, hvernig meðvitundin í draumnum, bæði víkkar, eða færast út, og skýrist jafnframt. Ég verð þess nú var, að það er farið að skyggja. Meðvitund um himininn, hefur ekki áður verið til í draum mínum. En nú horfi ég á himininn og stjörnurnar, og sé þær greinilega. Mér þykir nú sem ég leitist við að átta mig á stjörnumyndunum, eins og ég geri svo oft í vöku, en enga stjörnumynd sé ég þarna, sem ég þekki. Síðan fer draumurinn aftur að verða ógreinilegri.

Það er í augum uppi hvernig þetta á að skýra. Meðvitund mín í draumnum verður gleggri eftir því sem heilaástand draumgjafans framleiðist eða inducerast betur í mínum heila. Í draumlökin fer sambandið aftur að verða ófullkomnara, og þá verður draumvitundin óskýrari . . . Og lítum nú enn á, hversu fallega það kemur í ljós, þegar vér virðum fyrir oss hina glöggu drauma, að þar er annars meðvitund komin fram í heila vorum. Mig dreymir t. d. hús, og á svölum hússins stendur maður, sem er að halda ræðu. Mér verður nú ljóst, að ég á í huga mínum heilan hóp af endurminningum, sem tengdar eru við þetta sem ég sé; en þegar ég vakna, hverfa þessar endurminningar fljótt, miklu fyrr heldur en myndirnar eða réttara sagt, endurminningin um þær myndir, sem komið hafa í huga minn. Þetta endurminninga-föruneysi myndanna hverfur svo fljótt, af því að í mínum huga vantar tengslin úr huga draumgjafans til þess að halda í þær; en draumsýnin sjálf, varð fremur tengsluð við það er ég hafði séð í vöku. Annað dæmi er þannig: Mig dreymir að ég sé á gangi upp fjall. Ég hef í vöku aldrei séð fjall eins og það, og aldrei land eins og það, sem breiðist út fyrir augum mínum, er ég geng upp fjallið. En ég get glögglega áttað mig á því, að í huga mínum er sægur af endurminningum, sem tengdar eru við þetta fjall og þetta land, sem ég sé. En þegar ég vakna, hverfa þessar endurminningar ákaflega fljótt.

Með því að athuga slíka drauma, má gera sér fullkomlega ljóst, að slíkar endurminningar eru föruneysi draumsjónanna eða draummyndanna en skapa þær ekki. Draumakenningar eins og Bergsons eða Freuds, hefðu aldrei komið fram ef menn hefðu æft sig nógu vel í að athuga draumana.“ Og enn segir:

„Þá kem ég að því stórkostlegasta sem leitt hefur verið í ljós, með því að beita hugarfari náttúrufræðingsins við rann-

sóknirnar og að vísu hefur tekizt að leiða það fram í ljós fullkominnar vissu.

Dultrúarmaðurinn mundi vilja skýra hina glöggu drauma þannig að sál dreymandans væri farin úr líkamanum, og væri nú í andaheiminum, eða á einhverju af þessum tilverusviðum, sem guðspekingar hyggja vera milli tungls og jarðar, og jafnvel niðri í jörðinni. Dulræna er misskilningur á merkilegum hlutum, og þessum misskilningi, sem heitir astralplan og önnur slík tilverusvið, gæti nú verið lokið. Það er alveg ljóst, að þegar ég sé í svefni sýnir, sem enginn getur augum litið á þessari jörð, þá er það af því að draumgjafinn sér slíkt, þar sem hann er. Draumgjafinn er því ekki á þessari jörð. En þá hlýtur hann að vera á einhverri annarri. Í svefni höfum við á jörðu hér samband við menn á öðrum stjörnum. Þó að árangur þessi af athugun vökumannsins sé svo stórkostlegs eðlis, að hann mun gjörbreyta högum alls mannkyns, þegar farið verður að færa sér hann í nyt, þá er það samt fullkomlega víst, að áreiðanlegri niðurstaða í náttúrufræði er ekki til en þessi né betur fengin.“

Um líf á öðrum hnöttum er nú miklu meir en áður rætt bæði hér og erlendis. Aukin þekking á stjörnuheiminum hefur leitt í ljós að miljónir af hnöttum geta talizt byggilegir. Það músarholusjónarmið að þessi dverghnöttur, sem við búum á sé miðdepill alheimsins, og eini staðurinn þar sem skapast gæti svo vitur og fjölkunnug vera, sem maðurinn er talinn vera, er nú eitthvað að breytast. En þó að einstöku manni sé farið að óra fyrir þeim möguleika að lifandi verur, líkar mannum, eða honum jafnvel miklu fremri, geti verið til á öðrum hnöttum, þá er því jafnan borið við, að um það getum við ekkert vitað og munum aldrei geta vitað. En nú er fundin aðferð, sem gerir okkur möguleg að rannsaka lífið á öðrum hnöttum, að vísu nokkuð ófullkomin ennþá. Kynni okkar af lífinu á stjörnunum eru ekki eins lítill og haldið hefur verið til þessa, heldur einhver allra hvers-

dagslegasti viðburður, sem hugsast getur, því að þegar menn dreymir, og það gerir flesta svo að segja á hverri nóttu, þá eru þeir að skyggast um á öðrum hnöttum. Að vísu ekki á þann hátt að þeir skjótist út úr líkamanum og bregði sér á eins konar stjörnuflakk, heldur sem þyggjendur, eins konar viðæki, eins og áður var vikið að. Sú uppgötvun er svo furðuleg að þegar manni hefur skilizt hún, verður maður sem þrumulostinn af undrun.

Loksins er hún ráðin þessi torráðna gáta, sem menn hafa glímt við árangurslaust öld eftir öld. Lausnin er óvænt og einföld, eins og allar miklar uppgötvanir, og hefur það aðalsmerki mikilla uppgötvana að bregða birtu yfir og opna mönnum skilningsleið á mörgum öðrum lítt skiljanlegum fyrirbrigðum.

Ef allstór hópur viturra manna, og af slíkum er mikið til, fengjust til að hefja nú rannsókn drauma, byggða á þeim grundvallarathugunum, sem dr. H. P. hefur gert, myndi innan fárra ára fást nógu sannferandi athuganir og niðurstöður til þess að mannkynið gæti farið að færa sér í nyt hina undraverðu framfaramöguleika, sem óhjákvæmilega hlyti að sigla í kjölfar þess. Mönnum mun þá skiljast, þegar margir rannsaka, að líf hljóti að vera á óendanlegum miljónum og biljónum af hnöttum; að fjölbreytni þess eru engin takmörk sett, að miljónir hnatta muni vera til, þar sem þróun mannlægs lífs er mjög líkt á vegi stödd og hér, að á enn öðrum miljónum hnatta muni lífið líkjast því sem var hér á fyrri öldum, og að á enn öðrum muni þróunin vera komin miklu lengra og hafi náð ótrúlegum þroska. —

Ekki hefur nokkur maður áður unnið slíkt afrek í andlegum efnum, sem dr. H. P., og engin rannsóknarþraut verið leyst af meiri frumleik og andlegu sjálfstæði. Okkur Íslendingum ætti að vera það metnaðarmál, að vera fyrstir til að meta og styðja svo stórmerkar nýjungar, þegar þær koma fram í okkar eigin landi. Skammarlegt væri það, ef við lét-

um öðrum þjóðum það eftir, en gleiptum það síðan með fjálgleik, eins og margt annað, einungis af því að einhver útlendingur réttir það að okkur.

Grein þessa fer ég nú senn að slá botninn í. Mörgu hef ég sleppt, sem þurft hefði að geta um, einnig hefði verið freistandi að taka miklu fleiri drauma til skýringar efninu, en það hefði lengt málið um of, og verður að bíða betri tíma. Aðeins tvö atriði í viðbót að lokum. Í grein þessari hefur verið reynt að sýna fram á, að draumgjafinn sé jafnan íbúi einhvers annars hnattar, því að það mun vera langoftast, en hitt mun einnig koma fyrir, og nefnir dr. H. P. nokkur dæmi þess, að draumgjafinn geti verið íbúi okkar eigin jarðar, enda við því að búast samkvæmt eðli málsins. Hitt atriðið, og á það leggur dr. H. P. mikla áherzlu, er það sem hann kallar stillilögmál, í sambandi við drauma. Álitur hann að aðrir ráði því með hugarfari sínu hver draumgjafinn verður, stilli mann til sambandsins, ills eða góðs, og rökstyður það með mörgum dæmum. Þá hlið málsins hef ég ekki nema lítillaga rannsakað sjálfur, enda munu þær rannsóknir mjög vandasarar, og skal þess vegna ekki fjölyrt um það í þessari grein. En uppgötvun stillilögmálsins telur dr. H. P. af höfuð-uppgötvunum sínum, og þeir sem kunnugir eru ritum hans munu heldur ekki vera í neinum vafa um að svo sé.

ÓSJÁLFRÁÐ SKRIFT

rituð af Þóru Mörtu Stefánsdóttur veturinn 1929—30

Það, sem hér fer á eftir, ritaðist ósjálfrátt og án sérstakrar tilraunar í þá átt. Er eftirtektafvert hvernig þar er bent til félagsstofnunar slíkrar sem Félag Nýalssinna er.

RITSTJ.

Áhrif frá mismunandi þroskuðum mannfélögum á öðrum hnöttum streyma stöðuglega til jarðarinnar, sum góð, önnur lakari en sum ill.

Hin illu áhrif koma fram hjá jarðarbúum í ófullkomnum, lágum og ljótum hugsunum, orðum og verknuðum. Þess sjást nú æ fleiri sorgleg dæmi á meðal ykkar. Það má segja að hið illa og góða berjist stöðugt um yfirráðin. Þess vegna er ykkur svo nauðsynlegt að sameina hugi og krafta ykkar, öll þið menn og konur, sem vel viljið, til þess að ná sambandi við hin góðu öfl, sem ykkur vilja styðja.

En þar stöndum við næst ykkur fyrir ofan á framfarabrautinni og því ber ykkur fyrst að ná sambandi við okkur.

Við erum hér samankominn hópur Íslendinga, sem vel vildu og rétt reyndu að stefna á jörðunni, fólk, sem reyndi að vera í sannleika kristið, með því að fylgja eftir mætti kærleikskenningu og Guðstrú Krists, þó að skoðanir þess væru ef til vill skiptar um smáatriðin. En nú erum við búin að læra það, að það er kærleiks- og hreinleiksandinn í kenningu Krists, sem samtengir sálir allra góðra manna í sönnum bróðurkærleika, sem öllu varðar.

Og nú langar okkur til þess að hafa góð áhrif á ykkur, til þess að gera stefnu lífs ykkar bjarta, fagra, háleita og kærleiksríka, í sannleika framfarastefnu.

Stofnið því sambandsfélag Jóns Sigurðssonar. Það félag á

að starfa í deildum um allt land, en hafa aðalstjórn í Reykjavík.

Fyrsta verkefni þess á að vera að koma upp húsi því, sem dr. Helgi Pjeturss hefur talað um, þar sem menn komi saman með samstilltum hugum, til þess, með einlægum, hreinum, góðviljuðum, opnum, háleitum huga, að taka sameiginlega við góðum áhrifum frá æðri veröld.

Þar á að fara fram fagur hljóðfæraslatur og söngur. Syngið fegurstu ljóðin, sem skáldin ykkar hafa gefið ykkur, þau sem hefja, gleðja og betra hugina. Allt sem getur haft áhrif í þá átt, allt heilbriggt, hreint, fagurt og gott á að hafa þar um hönd, því það er takmarkið, að gera þetta hús að andlegri hressingarlind fyrir fólkið og skapa því háleitari, göfgu og betri hugsanir.

En þá fyrst ná áhrif okkar tilganginum, ef þau geta haft holl göfgandi áhrif á hugsanir fólksins og beint þeim upp fyrir dægurþras og deilur, upp í bróðuranda, gleði, frið og sælu. Þá verða verkin ósjálfrátt meira og minna mótuð af því og hin daglega framkoma og þá fyrst er hin rétta stefna hafin.

Félagsmenn eiga að láta sig varða öll mannleg málefni og öll mál, sem á dagskrá koma með þjóðinni, ræða þau á fundum, með stillingu, hógværð, bróðurþeli, viti, víðsýni og drengskap og leitast við að komast að rétttri niðurstöðu í hverju máli.

En mælikvarðinn þar er sá, að sú niðurstaða miði til sem mestra heilla fyrir heildina.

Þeir eiga að fylgjast með stjórn mállum þjóðarinnar, og finna þar hina réttu lausn í hverju máli, án tillits til flokka eða stétta, aðeins hugsa um hag þjóðarheildarinnar og hvers einstaklings, án manngreiningarálits. Reyna svo að hafa áhrif á stjórnendur (þing og stjórn) í þessa átt og jafna flokkadeilurnar, með því að benda á meðalvegi, sem allir geti unað við.

Menn ættu að skilja það, að öll þjóðin er ein heild, eitt heimili, sem ekki getur þrífist, ef meðlimirnir eiga í sífelldum ófriði innbyrðis, eins og nú er meðal ykkar. Af því magnast allt illt og hin illu öfl fá ráðið meiru en hin góðu og göfgandi áhrif, svo að stöðugt stefnir í öfuga átt.

Nei, hjá ykkur þarf stefnubreytingu á öllum sviðum og félag þetta á að vera frumvísir þeirrar breytingar í áttina til sólar, sælu og sannarlegs lífs, í unaði, ást og friði.

Og húsið á að vera ykkur í einu: kirkja, háskóli og unaðaruppspretta við allt gott, fagurt og göfgandi.

Þar á að fræða fólkið um öll mannleg mál, flytja fyrirlestra um raunverulega þekkingu á náttúrulögunum, stjörnufræði (þar þarf að vera stjörnukíkir), og hverju því, sem satt er og gott.

Reyna að manna það og hefja hugsun þess upp úr dægurvafstrínu, ófriðnum og hégómanum, upp til sólarhæða.

Fegurstu myndir af íslensku landslagi ættu að prýða veggj hússins og yfirleitt ætti að reyna að hafa yfir samkomum þar hjartan, hreinan, hátíðlegan blæ.

Félagsmenn eiga að taka sér ferðir á hendur upp í sveitir til þess að njóta sumarblíðunnar sameiginlega í yndislegu, íslensku náttúrunni og syngja þar og ræða saman og leika sér frjálst, en með siðprýði.

Þá mun andi vor ekki hvað sízt vera nálægur.

STEFÁN B. JÓNSSON

Jón Sigurðsson:

Nú vil ég reyna að gera það sem ég get til þess að þú getir náð hugsun minni ljósri og skýrri. Þú átt að reyna að hugsa sem allra minnst og helzt ekkert, nokkra stund áður en við byrjum, til þess, að okkur takist að ná valdi á heila þínum, en það er mjög erfitt, þegar hann er hlaðinn af ýmiss konar öðrum hugsunum. Taktu æfinlega nákvæmt tillit til þeirra fyrirmæla, sem við gefum þér, og reyndu að fá þá, sem eru í

nánd við þig, til að skilja það, að það er lífsnauðsyn bæði fyrir þig og aðra, að breytt sé nákvæmlega eftir því í öllu, því annars getum við ekki ráðið eins vel við þig, en það er bæði þér hollast og ykkur öllum fyrir beztu, auk þess sem það léttir mikið fyrir okkur.

Takið ekki þetta alvarlegasta málefni, sem til er, með léttúð og kæruleysi, sem eitthvað, er á litlu standi hvernig um fer. Því það get ég sagt yður, að ef ekki tekst betur hér eftir en hingað til að koma á sambandi milli okkar og yðar, þá mun það geta haft alvarlegar og óútreiknanlegar afleiðingar í för með sér, mannkyni yðar til böls og tortímingar.

Takið því í tíma móti þeirri hönd, sem vér réttum yður, til þess að hrifsa yður úr eldi og ógnum þess lífs, sem fyrir-sjáanlega hlýtur að enda með skelfingu, ef ekki tekst í næstu framtíð að efla hin góðu og sönnu áhrif til umbóta í hugsun yðar, orðum og athöfnum. Gangið ekki blindandi veg eyðileggingarinnar, þegar við yður blasir hið ljómandi ljós sífellt hækkandi þroska og eflingar hins góða, sanna og rétta, þó að sá vegur liggja upp á við og sé örðugri gangan fyrst í stað, heldur en niður í æ þrengri og dimmari moldvörpugöng tortímingarinnar.

Hvað var það annað, sem Kristur átti við með orðum sínum, er hann talaði um breiða veginn og hliðið, er til glötunar lægi og hið þrönga hlið og mjóa veg, er til lífsins lægi. Ekkert annað en þetta sama, þrönga hliðið er leið sannleikans, réttlætisins og kærleikans, hins sanna, óeigingjarna kærleika, sem vill öllum vel og getur lagt sig í sölu fyrir velferð annarra, og sannleikselskunnar, sem hikar ekki við að fórna öllu fyrir það, sem hún veit satt og rétt.

Sæll er sá maður og sú kona, sem fengið hefur tækifæri til þess að leggja á sig einhver óþægindi til eflingar hinu sanna, rétta og góða.

Ég veit það, frænka mín góð, að þú munir af fremsta megni reyna að vinna þessu málefni allt það gagn, er þú get-

ur, enda ert þú valin til þessa starfs í því trausti, og munum við styðja þig og styrkja í því af öllum okkar mætti. Já, frænka mín, tala þú við fólk um þessi efni, alla þá, er þú nærð til og á þig vilja hlýða og reyndu að opna skilning þess á mikilvægi þessa stærsta máls tilverunnar og hins eina, sem nú riður á að koma fólk í skilning um, fyrst og fremst.

Í von um, að þessi tilraun megi eflast og vaxa til fullkomins sigurs, kveð ég ykkur öll, með þeirri heitu ósk, að Guði takist að opna sálir yðar fyrir ljósi sannleikans og þér leggið fram yðar krafta honum til sigurs, því að þá og þá fyrst geta aðrir hjálpað yður að nokkuru ráði. Hjálpið yður sjálf, þá hjálpar yður Guð, þ. e. allt hið góða í ríki tilverunnar.

Svo kveð ég þig, kæra frænka mín, og alla landa mína, nær og fjær með beztu óskum.

Ég er yðar unnandi verndari og leiðtogi,

JÓN SIGURÐSSON

forseti Alþingis Íslendinga

Sigurbjörg Helgadóttir:

Þetta er nú hún ljósa þín, barnið mitt, sem vill tala við þig fáein orð.

Já, elsku vina mín, ég skal nú segja þér, hvernig þetta gengur til, þegar við flytjumst yfir hingað. Við förum strax og við höfum losað okkur við líkamann til þessa hnattar og hér er tekið á móti okkur af góðum vinum, sem hafa hér reiðubúin þau efni, sem líkamir okkar myndast úr.

Við vitum ekki af okkur fyrr en líkaminn er fullmyndaður, en það tekur aðeins örskamma stund, svo að svefninn er oft ekki lengri en nokkur augnablik. — Hér er annað tímatal en á jörðunni, því að hér er árið lengra, og við það breytast önnur tímátákn.

Sjálfur maðurinn eða sálin, sem lifir líkamsdauðann á jörðunni, kemst í samband við nýja líkamsgerfið, sem hér er

að smámyndast, meðan þið sofið á jörðunni og vaknar svo upp í þeim nýja líkama algjörlega heilbrigð og eins og hún átti að sér að vera best á jörðunni, ef andlátíð hefur ekki verið með einhverjum lakari hætti, en alltaf tekst þó fljótt að átta þá, sem ef til vill eru eitthvað órólegir fyrst, þegar þeir vakna, af því að þeir hafa komizt í geðshræringu rétt í andlátinu.

En slíkt er aðeins undantekning. Flestir vakna sem af værum blundi, endurlífgaðir og hresstir, á fögrum og góðum stað í hópi vina og vandamanna. Ég stunda hér hjúkrun þeirra, sem flytjast hingað, því fyrstu dagana verða þeir að hvílast, á meðan þeir eru að jafna sig til fulls, en samt tekur það ekki langan tíma fyrir flestum, og þá fara þeir að ferðast um og skoða nýju heimkynnin og heilsa upp á gömlu ættingjana og vinina, sem á undan eru komnir.

Já, vina mín, þú kemur nú hingað líka í ættingja- og vina-hópin þinn áður en mjög langt líður, og þá tekur ljósa gamla á móti þér, alveg eins og fyrrum í Lundi, nema nú verður þú ekki eins ósjálfbjarga eins og þú varst þá, heldur verðurðu strax fær um að byrja hér nýtt líf, með fullri meðvitund og kröftum.

Þú sérð nú, að þessi hnöttur er miklu betri og fullkomnari en jörðin okkar gamla, þó góð sé að ýmsu leyti og nauðsynlegur áfangastaður á leiðinni löngu, sem okkur er öllum ætlað að ganga, til æðstu fullkomnunar og sælu.

Jæja, elsku barnið mitt, Guð blessi þig og styrki í öllu fögru, hreinu, sönnu og góðu. Kappkostaðu að gjöra í öllu rétt og fylgja bendingunum, sem við gefum þér. Berðu elsku mömmu þinni hjartans kveðju mína. Vertu svo kært kvödd ásamt öllum okkar góðu vinum nær og fjær.

Ég er þín elskandi ljósa

SIGUREJÖRG HELCADÓTTIR

Stefán B. Jónsson:

Okkur hefir hér tekizt að framkvæma þá hugsjón, sem allir beztu og mestu menn jarðarinnar hafa ætíð barizt fyrir. Hjá oss er lýðræði. Félag höfum við, það sem fyrr getur, sem bindur alla einstaklinga í eina heild, og vinnur að sameiginlegri þroskun allra. Við leitum sannleikans í hverju máli sameiginlega með bróðuranda og víðsýni og finnum þá úrlausn, sem hagkvæmust er fyrir heildina. Hér þekkist ekki stétta- eða flokkarígur, því hér er engin stétt eða flokkur til. Hér eru allir menn bræður og systur, sem leitast við að styðja og hjálpa hver öðrum í öllu. Hér þekkist ekki skortur né neyð. Allir hafa jöfn skilyrði til lífsviðurhalds og þrosunar og allir fá að njóta sinna beztu hæfileika í þágu heildarinnar. Hér hugsar hver og einn fyrst um heildina. Þetta er jafnaðarhugsjón framkvæmd með gætni, víðsýni, viti og sönnu bróðurþeli til allra manna. Þvílíkt ríki viljum við, að komist á einnig hjá ykkur, og það verður með tíð og tíma. En fyrst er að manna fólkið og kenna því að hugsa með viti, víðsýni og bróðurkærleika um sín sameiginlegu velferðarmál, en ekki spana það upp í óvild og hatur. Þér vinnið með góðu til góðs, en aldrei með illu.

Þetta er sama hugsjón og sú, er ég var að reyna að opna augu landa minna fyrir með skrifum mínum og félagastofnunum. Enda fékk ég styrk frá þessum hnetti og var í stöðugu sambandi við leiðandi menn hér eins og t. d. Jón Sigurðsson, þó að ég vissi ekki af því þá. En hver sá, sem leitar með hugsun og vilja upp fyrir hið sífellda matarstrit, þras og keppni um hvern bita, sem allt of margir lifa fyrir meðal yðar, hann kemst í samband við æðri verur, sem lengra eru á veg komnar í sams konar þroska og hugur hans stefnir að og fær þaðan styrk og þrótt. Þannig eru hugsjónirnar komnar til jarðarinnar. Þær eru framkvæmdar á æðri lífssviðum og þaðan er stöðugt leitazt við að koma þeim að hugum þeirra, sem opna

sig með nægu víðsýni og óeigingirni til þess að veita göfugum hugsunum móttöku.

Og við erum stöðugt að knýja á . . . Opnið þið sálargluggana fyrir sólarljósinu, ljósi sannleika, bróðurelsku og réttlætis. Verið í guðs friði öll.

STEFÁN B. JÓNSSON

Kristín Magnúsdóttir:

Hér skammt frá er fjörður einn stór, sem gengur langt inn í landið til austurs og er talsvert svipaður honum Breiðafirði hjá ykkur, hann er breiður og með mörgum fögrum grasi-vöxnum eyjum og hölmum, en hann er ekki eins hættulegur sjófarendum eins og gamli Breiðfjörður, því hér eru straumarnir ekki eins vondir, sundin ekki nærri því eins mjó.

Í eyjunum er líka fólk alveg eins og á gamla Breiðafirði, og þar býr helzt gamalt eyjafólk af Breiðafirði, sem nú er orðið hér ungt á ný. Þannig hefur hver það umhverfi, er hann kys helzt, því að flestir kjósa sér eitthvað svipað og hann eða hún hafði áður vanizt mest og fallið bezt við á Jörðunni. En við, sem erum úr dölunum og af ströndunum, búum hér uppi á fastalandi, en þó nálægt ströndinni, t. d. stendur húsið hans pabba þíns nálægt henni, og er ekki nema nokkurrar stundar gangur ofan að vík, sem skerst inn í landið rétt á móts við Sólarlund. Svo eru nú hér gróðri vaxnar hæðir og dalir á milli með smástöðuvötnum, og á þeim synda svanir og endur og fleiri sundfuglar, allt villt og friðað, því að hér þekkjast ekki veiðar, en allt er svo spakt, að það má t. d. strjúka álfirnar á eggjunum án þess að þær hreyfi sig hið minnsta.

Já, hér er fagurt og gott að vera, og sæl værum við, ef við aðeins gætum haft meiri og betri áhrif á ykkur, vinina okkar og ættingjana, sem enn dveljizt á jörðunni.

KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

Þórir:

Við búum hér í fallegum húsum, hver fjölskylda út af fyrir sig, en hér eru samgöngur í góðu lagi og mjög mikið um samkomur milli fleiri ætta og vinahópa. Hér eru allir vinir og vandamenn, og svo eru stórar félagsheildir með smádeildum, sem starfa hver út af fyrir sig og þó sameiginlega að eflingu alls konar þroska meðlima sinna, auk þess sem hver meðlimur reynir af fremsta megni að hjálpa sem flestum öðrum í sömu átt, og þeir, sem lengra eru komnir, fræða og styrkja þá yngri og óþroskaðri, og svona gengur það koll af kalli alla leið ofan til smábarnanna, sem eru að byrja að læra að lifa. Já hér er komið betra lag á þjóðfélagsskipulagið heldur en enn er á jörðunni, en við erum nú alltaf að reyna til að efla þroska yðar með því að senda yður hugsanastrauma, en það, sem að er ennþá, er það, hve móttakan hjá ykkur er enn slæm, en það batnar nú bráðum, þegar almenn-ingur fer að átta sig á þessum málum hjá ykkur, en það þarf að fara að hefjast handa í því efni.

Þið þurfið að safna saman öllu góðu fólki, sem hefur vit og vilja til þess að skilja þessi mál og stofna félagið hið allra bráðasta og svo þarf það að gefa út blöð og bækur, sem dreifa þarf út um land, svo að almenn-ingur kynnist þessu sem fyrst. Svo haldið þið fyrirlestra um þessi efni bæði í kaupstöðum og sveitum og skýrið frá þessum sönnunum, sem hér eru þegar fram komnar og síðar munu verða í té láttnar, málefni þessu til stuðnings. — Ég kveð þig nú með beztu óskum um góðan árangur af starfi þínu. Vertu viss um, að þú ert leidd og studd af okkur vinunum þínum hérna megin til þess að afkasta því mesta og bezta, sem hægt er í þessu öllu. Ég er ykkar einlægur

ÞÓRIR ÞORVARÐSSON

frá Skriðu

Sigfús:

— — Þú mátt vera viss um, að þetta er veruleiki allt!

Ég er nú svo nýlega kominn hingað, en ég er samt búinn að sjá mikið af þeim dýrðarheimi, sem við búum nú í. Það er allt talsvert svipað og á jörðunni okkar gömlu, en þó er hér allt miklu betra og þroskaðra en það bezta hjá ykkur, þó að gott geti verið.

Hér er t. d. ekki um neinar óeirðir að ræða, hér gengur allt í einingu og bræðralagi. Vina- og ættarbönd eru hér styrkt og treyst, og samhugur margra er hér á miklu fullkomnara stigi en hjá ykkur.

Við hugsum hér mjög oft mörg saman til ykkar, til þess að hafa sem mest og bezt áhrif á hugsanir ykkar og athafnir.

Þú mátt trúá því og treysta, að þú færð að vita margt gott og merkilegt frá okkur með tíð og tíma. — — —

Vertu í Guðs friði. Þinn elskandi afi

SIGFÚS PÉTURSSON

Þórir:

Ég ætla að segja þér, hvað á dagana hefir drifið fyrir mér, síðan ég kom hingað.

Ég fór strax og ég losnaði við líkamann hingað, en meðvitund fékk ég ekki fyrr en ég vaknaði hérna upp í nýja líkamanum mínum.

Lá ég þá í rúmi í stóru ljósbláu herbergi, og voru þær hjá mér Aðalheiður og amma mín, móðir pabba og svo hún Sigurbjörg ljósa þín, en hana þekkti ég ekki.

Þær heilsuðu mér og buðu mig velkominn, og svo fóru þær að segja mér, hvar ég væri kominn og hvað skeð hefði, og áttaði ég mig fljótlega á því. Hér varð ég svo að liggja rúmfastur í hálfan annan mánuð, því að ég var mjög máttfarinn og þjáðist í höfðinu fyrst, en svo batnaði það brátt, þegar ég fór að ná góðum tókum á líkamanum, og þá fór ég

héðan og heim til afa og ömmu og var hjá þeim fyrstu mánuðina.

Þau sýndu mér allt hér umhverfis og kynntu mig fólkinu og fóru með mig á samkomur og fundi.

Ég gekk strax í Menningarfélagið okkar hérna, sem allir eru í, yngri sem eldri og starfar í deildum að því að þroska meðlimi sína í öllu, sem til framfara leiðir. Það leggur mikla rækt við þroskun hugsunar og tilfinninga, og aðaláherzlan er lögð á siðmenntun hugarfarsins, dómgreind og rétta hugsun, kærleika til alls og allra eða samúð með öllu, sem lifir.

Svo höfum við mjög gott og skýrt samband við jarðstjörnu þá, sem fólk flyzt til, þegar héðan er horfið, og einnig við aðrar, sem eru á svipuðu stigi og við sjálf, og svo erum við nú í mjög nánu sambandi við ykkur Jarðarbúa, þó að fæstir ykkar viti ennþá af því, því að allir eða allflestir eru hér í nánu hugsanasambandi við skyldmenni sín og vini, sem eftir lifa á jörðunni og leiða þá á ýmsan hátt gegnum lífið, án þess að þeir viti af því og leitast sífellt við að leiðbeina stefnu hugsana þeirra í rétta átt.

En það gengur treglega að hafa mikil áhrif á fjöldann, enn sem komið er.

Hnöttur þessi er ekki mjög stór, lítið eitt stærri en Jörðin, og ganga kringum hann tveir fylgihnettir eða tungl, og sjálfur snýst hann um möndul sinn á tuttugu og fimm klukkustundum og nokkurum mínútum, en áhringurinn er einum þriðja lengri en jarðarinnar, eða fimm hundruð sólarhringar. Sólin okkar er álíka stór í sjálfu sér og ykkar sól, en við erum dálítið nær henni en jörðin sinni, og því sýnist okkur hún nokkru stærri. Sólskinið er hér með mjög rauðleitum blæ um hausttímann, en annars líkt og hjá ykkur, en þó nokkru ljósara eða bjartara. Tunglin, sem fylgja okkur, eru stór og lýsa mjög vel, svo að nóttin verður sem dagur af þeim, enda sofum við sjaldan, en leggjumst aðeins fyrir nokkra stund í senn, til hvíldar. Þó sofa flestir reglulega 2—3

tíma á nóttunni að vetrinum, eða þann árstímamann, sem svarar til hans, en það gæti nú raunar eins heitið sumar hjá ykkur.

ÞÓRIR ÞORVARÐSSON

Kristín:

Ég ætla að reyna að segja þér svolítið frá því, sem á daga mína hefur drifið síðan ég kom hingað. Ég dó á jörðunni eftir nokkuð langa legu, og smádró af mér, þangað til ég sofnaði loksins út af, en þegar ég vaknaði og vissi af mér aftur, var ég í hvítu rúmi í stórri sjúkrastofu, og voru veggirnir og loftið ljósblátt á lit. Hjá mér stóðu tvær konur í hjúkrunarklæðum, og þekkti ég þær ekki.

Svo komu rétt strax inn fleiri konur og heilsuðu mér og buðu mig velkomna og sögðu mér, hvar ég væri og hvað fyrir mig hefði komið. Ég var nokkra stund að átta mig á þessu, því að ég hafði nú gert mér aðrar hugmyndir um framhaldslífið en þær, að ég ætti að fæðast í nýjum efnislíkama á annarri jarðstjörnu. En samt leið ekki á löngu, að ég felldi mig vel við þetta allt, því að þegar ég fór að skoða mig um og hitti gamla vini mína og venzlafólk og ættingja, sem allir fögnuðu mér og voru mér svo góðir, og ég sá, hvað allt var gott og fagurt, þá sá ég, að vel mátti segja, að ég væri komin til nokkurs konar himnaríkis, samanborið við jörðina, þó að þar sé mikið af góðu og fögru til. En hér er allt miklu betra samt og minna af því ófullkomna. Hér ræður góðleikinn og hefur yfirtökin, og eiginlega slæmt er hér ekki til, aðeins er hér ýmislegt, sem enn er ekki búið að ná fullum þroska í hinu góða og þar á meðal við, því að leiðin er geysilega löng og svo ótakmörkuð, að endirinn er ekki hugsanlegur á framfarabrautinni upp á við, til fullkomnara lífs, sælu og þroska, ef aðeins er rétt stefnt. — Ég lá hér í sjúkrahúsinu í hálfan mánuð, en þá var ég orðin ferðafær og fór þá heim til afa og

ömmu og hef verið hjá þeim síðan, og pabbi og við systurnar erum hjá þeim núna.

Ég er í félaginu og í skólanum að læra og svo kenni ég litlum börnum og hugsa um þau, sem flytjast hingað, fyrst eftir að þau koma, þ. e. a. s. þau sem eru orðin þriggja ára og eldri. Hér er barnadeild í spítalanum, og starfar skóli í sambandi við hana, og þar er ég með litlu börnunum flesta daga, þegar ég er ekki sjálf í skólanum eða við félagsstörf. Það er yndislegt starf að kenna börnunum hérna og miklu skemmtilegra en á jörðunni, því hér er ekki verið að troða í þau neinum þurrum bókstafspulum, hér er allt gert svo ljóst og lifandi fyrir þeim, sem hægt er, og þau eru látin læra sem mest af sjálfum sér og umhverfinu, með handleiðslu og leiðbeiningum okkar, sem eldri erum. Það sem þeim er kennt allra fyrst, eru mest leikir, sem þroska skapgerðina, að þekkja ýms dýr og blóm og gæta þess að fara vel með allt líf.

Ættirnar búa hér í nokkurs konar sveit eða héraði, þeir nánustu næstir hver öðrum og svo tengdar ættir hver nálægt annarri, og svona er allt einn vina- og ættingjahópur, því að vináttan má sín mest í því að tengja saman sálirnar og ættarböndin því næst.

Jæja, elsku frænka mín, ég verð nú að kveðja þig. Vertu blessuð og sæl og berðu öllum hjartans kveðju frá mér.

Ég er þín einlæg frænka

KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

(Framhald í næsta hefti)

MÓTUNARVALD MINNINGANNA

I

Frú Aðalbjörg Sigurðardóttir bendir í „Draumspökum Íslendingum“ skarplega á það, að draumar manna séu annað og meira en endurminningar þeirra úr vöku. Segir hún í því, sem þarna er haft eftir henni, að þegar hún var barn, hafi sig stundum dreymt það, sem að mikilleik og prýði hafi mjög langt farið fram úr því, sem hún þá nokkru sinni hafði séð í vöku. En einnig kemur fram í frásögn hennar þetta, sem gefið hefur mér svo sterka ástæðu til að hallast að þeirri skýringu, að undirrót draumanna sé æfinlega að einhverju leyti samskyrjan sofandans við einhvern vakanda. Er það sú staðreynd, sem ég þykist svo þrúfaldlega hafa þreifað á, að það, sem fyrir mig ber í draumi, sé eitthvað ósamkvæmt því, sem ég ætla það vera. Segir frú Aðalbjörg frá því í nefndri bók, bls. 149, að hún þóttist eitt sinn, er hún var barn, vera stödd á bæ einum í Eyjafirði, Samkomugerði, þar sem í raun og veru var torfbær, eins og alstaðar þar í þá daga, en það sem fyrir hana bar þarna, voru skrautlegir salir og hvert loftið upp af öðru. En þó að ég þykist hafa ástæðu til að ætla, að þannig sé jafnan farið draumum manna, að þeir sjái í þeim annað en það, sem þeir ætla sig sjá, þá er vald minninga þeirra löngum svo ríkjandi, að þeir gera sér ekki grein fyrir þessu. Það, sem fyrir draumgjafann ber, fellur í minningamót dreymandans, svo að erfitt getur orðið fyrir hann að greina hið rétta, og má vera, að eftirfarandi athugun megi verða hér til nokkurrar glöggvunar og skilningsauka:

Ég mun hafa verið 12 eða 13 ára, er ég í fyrsta sinn var

með að reka lambfé á afrétt. Er það alllangur vegur, sem lömbin voru rekin, og tók það mestallan daginn og nokkuð fram á nótt. Var það þá á heimleiðinni, svo sem margur mun hafa reynt við slík tækifæri, að mér fannst stundum ég hafa lambajarminn fyrir eyrunum, og heyrðist mér þetta svo glöggt, að ég þóttist þekkja þar einstakar raddir, sem höfðu skorið sig úr um daginn. En hið merkilega var, að ég heyrði þetta ekki, nema eitthvert annað hljóð yrði til að vekja mér það. Þannig heyrði ég þetta gleggst, er ég fór þar hjá, sem eru flúðir í fljóti. Og þegar heim kom, heyrði ég enn þennan jarm öðru hverju, áður en ég sofnaði, og tók ég þá eftir því, að ég heyrði hann aðeins, þegar gola þaut í opnum glugga, en þagnaði þess á milli, þegar goluna lægði. Varð mér þannig ljóst, að jarmurinn, sem ég þóttist heyra, var í rauninni annað hljóð, en sem ég fyrir minningar heyrnarinnar frá því daginn fyrir, rangþýddi fyrir jarm.

II

Það hafa eflaust margir veitt því eftirtekt, hversu eitt minnir stundum á annað. Þannig rifjaðist nýlega upp fyrir mér saga, sem ég las fyrir löngu, og rifjaðist upp einmitt vegna þess, að ég heyrði í útvarpinu sungið lag, sem ég heyrði raulað, þegar ég forðum var að lesa þessa sögu, eða ákveðinn kafla í henni. Og það var ekki einungis, að ég minntist sögunnar, heldur urðu áhrifin, sem hún forðum vakti, eða hinn ákveðni kafli hennar, alveg ljóslifandi fyrir mér við að heyra þetta lag. Kemur mér nú í hug í sambandi við hina merku grein, „Skuggar hins liðna“, sem prentuð er í fyrra hefti „Morguns“ 1950 og að mestu er eftir Sir Arthur Conan Doyle, hvort héðan megi ekki fá nokkurt ljós til skilnings á því, sem þar ræðir um. Bendir höfundur réttilega á það, hve ólíklegt það sé, að framliðið fólk sé raunverulega svo bundið sumum stöðum sem það virðist stundum vera. Telur hann, að slíkir staðir eða hlutir, sem reimleikar

fylgja, séu á einhvern hátt hlaðnir minningum um eitthvað, sem í sambandi við þá hafi gerzt. En þannig get ég nú hugsað mér, að sú hleðsla muni vera, að þegar einhver nálgast þennan stað eða hlut, sem hinum framliðna manni var mjög minnisbundinn, fái hann einhverja vitneskju um það, sem svo leiði það af sér, að einhver áhrif stafi frá honum þangað. Þykir mér ástæða til að ætla, að í framlífi séu menn miklu sambandsnæmari en meðan þeir lifðu hér á jörðu, en næmleiki þeirra fyrir því, sem þeim var sérstaklega minnisbundið, verður eðlilega langsamlega mestur. Og þegar hinn framliðni maður skynjar nú hinn minnisbundna stað eða hlut fyrir það, að einhver annar sér hann eða snertir, þá berast þangað áhrif frá honum, sem svo byggja sig upp á kostnað hins viðstadda manns eða manna, og byggja sig upp samkvæmt því, sem þarna hafði gerzt fyrir löngu. Endurminning hins framliðna manns um staðinn eða hlutinn er það, sem mótar reimleikann, eða hvað það nú annars er, þó að efni hans sé ef til vill að mestu fengið frá hinum viðstadda, sem fyrir reimleikanum verður, og hugsa ég þetta því ekki alveg ólíkt því, þegar vatnaniðurinn og golubyturinn urðu mér að jarmi. Það, sem um er að ræða, er mótunarvald minninganna slíkt, sem veldur því, að forsaga lífsins á jörðu hér er rakin á fósturskeiði hvers einstaklings.

III

Það er mjög algengt, að fólk líti á drauma sína sem fyrirboða, og kemur það mjög fram í sögum áðurnefndrar bókar, „Draumspakir Íslendingar“. Kveður þar svo ríkt að þessu, að frásögurnar virðast aðallega miðaðar við þetta, og mætti nú vel gera sér nokkra grein fyrir því, hver áhrif það mundi hafa á frásögur af vökuatburðum, ef þeir á sama hátt væru skoðaðir sem fyrirboðar. Er því ekki að leyndu, að ég hygg, að margir geri ofmikið úr spágildi drauma sinna og annarra, þó að hins vegar sé fjarri mér að neita öllu slíku. Kemur hér

enn til skilnings að sjá fram á áhrif ákveðinna minninga- tengsla, en öfugt við það, sem áður var á vikið. Í stað þess, að draumsýn minni sofandann á eitthvað kunnugt honum úr vöku og komi honum til að þýða hana fyrir það, þá er nú um hitt að ræða, að það, sem fyrir mann ber í vöku, minni svo á eitthvað, sem hann hefur dreymt, að honum finnist það koma þar fram eða rætast. Hefur þetta, sem er ein sönnunin fyrir raunveruleik draumanna, nokkrum sinnum komið fyrir mig, og hef ég þá jafnan gert mér ljóst, að þetta, sem fyrir mig kom, var ekki hið sama og það, sem mig dreymdi, heldur aðeins nokkuð, sem minnti mig á það, og kom mér þannig til að rifja drauminn upp. Þætti mér vænt um, ef þeir sem þetta lesa, vildu athuga þetta í sambandi við þá drauma sína, sem þeim virðast koma fram, eins og líka hitt, sem áður var á vikið, hvort draumsýnir þeirra eru ekki stundum, ef ekki alltaf, frábrugðnar því, sem þeir í svefninum ætluðu þær vera. En um hina raunverulegu fyrirboðun draumanna, eins og líka að nokkru um vökuatvik, sem virðast stundum fela í sér fyrirboða, sýnist mér þetta hugsanlegast.

Draumgjafi skynjar stað, hlut eða atvik, sem fram koma í vitund draumþega sem sams konar skynjan. En ásamt því fær draumþeginn hugboðssamband lengra upp við einhvern, sem ég nefni spágjafa. Og fyrir þetta hugboð þýðir draumþeginn skynjan sína fyrir eitthvað það, sem minnistengt er því, sem hugboðið er um. Þannig væri t. d. hugsanlegt, að ef draumgjafi minn sæi mann vera að drukkna, að mér myndist fyrir hugboð um drukkun einhvers ákveðins manns, að þetta væri einmitt hann, þó að raunverulega væri það auðvitað ekki. Það, sem mér þá þætti bera fyrir mig, en raunverulega bæri aðeins fyrir draumgjafa minn, opnaði þá hugboðinu leið til mín, sem svo yrði því valdandi, að ég þýddi sýnina eitthvað í líkingu við það, sem hugboðið væri um. En stundum kynnu nú einnig þessi hugboð að koma í huga manns eftir á þannig, að hugboðsþeganum væri eins og

stjórnað til að lesa viðvörun eða spá út úr því, sem dreymt var. Þykir mér sennilegast, að hin ýmsu form spálistarinnar, sem þrátt fyrir ófullkomleik sinn er stundum meira en tóm markleysa, muni þannig vera innblásin. Spámaðurinn les það, sem verða mun, út úr sínu táknmáli, ekki af því að það sé þar skráð, heldur af því, að andinn gefur honum þannig að lesa. Aðferðirnar eða líkingamálið eru honum aðeins form til að styðjast við, form, sem kann að vera honum á-móta nauðsynlegt og málið er hugsuninni. Og hvers vegna skyldu þá ekki draumarnir líka geta verið slíkt spádóms-form, jafnvel þótt þeir í rauninni fælu í sér enga spádóma?

ÞORSTEINN JÓNSSON

á Úlfsstöðum

LEIÐRÉTTINGAR

Úr upphafssetning greinar minnar „Kraftur frumeindanna og kraftur lífs-ins“, sem prentuð er í fyrsta hefti „Íslenzkrar stefnu“, hafa fallið orð, og átti setningin að vera þannig:

Kjarnorkusprengjan er svo gífurleg af því, að þar er á leifturstundu rakin til baka saga, sem tók yfir þúsundir ármiljóna.

Í grein minni „Upphaf einstaklingstilverunnar og framhald“, bls. 31 í 12. l. að neðan, á að vera *hinna tveggja fruma*, en ekki tveggja skauta, eins og prentazt hefur.

P. J.

EFNI

<i>Bekking og vanþekking</i> , eftir Helga Pjeturss	BLS. I
<i>Frægasta nafnið</i> , eftir Þorstein Jónsson	— 7
<i>Vakning</i> , eftir Bjarna Bjarnason	— 13
<i>Eðli drauma</i> , eftir Grím	— 18
<i>Ósjálfráð skrift</i> , rituð af Þóru Mörtu Stefánsdóttur	— 30
<i>Mótunarvald minninganna</i> , eftir Þorstein Jónsson	— 43

Á 2. kápusíðu: *Úr Viðnýal og Nýal*

Á 3. kápusíðu: *Ávarp til Íslendinga*

ÍSLENDINGAR!

Stanzið um stund og gefið gætur að starfi dr. Helga Pjeturss. Hann byggir brú yfir geimdjúpin til betri staða.

Komið, þó á elleftu stund sé. Látið honum skilning, kærleika og traust í té. „Fólkið af konungsættum.“ Þess þarf hann við frá ykkur til að fullkomna verkið.

Gjörum vitringnum bærilegt að lifa.

RAGNHILDUR JÓNSDÓTTIR

Stóra-Hofi

(Birt í Morgunblaðinu árið 1924)

ÍSLENDINGAR

spausi um stund og gefið grunn að
samt dr. Helga Þjóðs. Íslan þygn
þri vlt gæmduin ni þess stund
Kouid, þó á elstu stund se Íslan
þonom skning, farið og stund í þess
„Íslid se konungstanna, skólaþetta stund
þann, við þá vátur sévni-Íslan stund
verkið
Gjörum stundum þess stund þess stund

Konungur Íslands

Íslan stund þess stund